

SHALDOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is



Airwaves lauk í gær
popp 20




FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

5. nóvember 2012
260. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prófmiðlökum Capacent Cellu í maí - mars 2012




Hippinn eins og Porsche
Gabriel Gerald Haesler
auglýsir litríkasta bíl
landsins til sölu.
fólk 30

Hlutir sem skipta máli
„Um leið og hann byrjar
að tala fara allir að halda
fyrir eyrun og æpa,“ segir
Guðmundur Andri.
í dag 13



Strákarnir á toppnum
Íslenska handboltalands-
liðið vann sannfærandi
sigur í Rúmeníu í gær.
sport 26

veðrið í dag



ÚRKOMUSAMT Í dag verða
suðvestan 8-15 m/s og víða væta en
gengur í norðanátt með éljum N-til
síðdegis. Hiti 3-8 stig framan af en
kólnar smám saman á ný.
VEÐUR 4



HREINGERNINGAR

- Iðnaðarþrif
- Bónvinna
- Parkethreinsun
- Steintepparþrif

Sími: 5 800 600
www.iss.is



4G innleitt eftir áramót

Íslensk símafyrirtæki ætla að bjóða 4G-háhraðanetsflutninga fyrir farsíma á næsta ári. Uppbygging slíks kerfis gæti kostað allt að 33 milljörðum króna. Nova vonast til að geta boðið upp á 4G snemma á næsta ári.


FJARSKIPTI Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) heldur í byrjun næsta árs rafrænt uppboð á tíðniheimildum fyrir háhraðafarnet. Búist er við að skömmu eftir útboðin taki fyrirtækin að bjóða 4G-farsímaþjónustu sem býður upp á umtalsvert meiri hraða í gagnaflutningum en nú býðst.

Stóru símafyrirtækin þrjú, Síminn, Vodafone og Nova, hyggjast öll taka þátt í útboðinu. Þá segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri PFS, alls ekki útilokað að fleiri aðilar taki þátt. Hann segir hins vegar óvíst hversu mörg 4G-kerfi verði að lokum byggð upp.

„Okkur hlutverk er að koma tíðniheimildunum í notkun þannig að hægt sé að byggja upp fjarskiptanet. Markaðsaðilar byggja upp netin og hugmyndin er sú að þau bjóði í heimildirnar og byggji síðan upp þau net sem þau treysta sér til miðað við kröfur útboðsins,“ segir Hrafnkell og bætir við: „Þá er

Verður allt að tífalt hraðara en 3G

4G er heiti á fjórðu kynslóð farsímanetkerfa sem tekur við af svokölluðu 3G-kerfi sem jók verulega möguleika á gagnaflutningum í farsímunum. 4G er allt að tífalt hraðara en 3G og um þrefalt hraðara en hröðustu ADSL-nettengingar. Fyrri kynslóðir farsímaferfa voru NMT og GSM. 4G er nú þegar víða komið í notkun, til að mynda á Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum.



heimild til samstarfs með ákveðnum skilyrðum. Sem dæmi má nefna að í dag vinna Vodafone og Nova saman í sínu dreifineti. Nova veitir Vodafone aðgang að 3G-neti sínu og á móti veitir Vodafone aðgang að GSM-neti sínu. Það er því möguleiki á einhvers konar samstarfi.“

Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir fyrirtækið stefna að því að byggja upp

4G-net sem vonandi verði hægt að taka í notkun á fyrsta ársfjórungi næsta árs. Byrjað verði á afmörkuðu svæði en svo verði netið stækkað smám saman. „Við höfum ekki farið leynt með að við ætlum að taka þátt. Við höfum verið með 4G-tilraunaleyfi í notkun frá því í lok síðasta árs og okkur var farið að lengja eftir þessu,“ segir Liv. Hrannar Pétursson, forstöðu-

maður almannatengsla hjá Vodafone, segir að Vodafone muni taka þátt en hins vegar liggja ekki fyrir nákvæmlega með hvaða hætti. Þá segir Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafultrúi Símans, að fyrirtækið búist við því að taka þátt. „Endanlegir útbodsskilmálar liggja hins vegar ekki fyrir. En miðað við það sem við sjáum eru allar líkur á því að Síminn taki þátt,“ segir Gunnhildur.

Ljóst er að símafyrirtækin munu þurfa að leggja í umtalsverðar fjárfestingar til að byggja upp 4G-net.

Mannvit hefur unnið kostnaðarmat á uppbyggingu slíks nets. Nefna má sem dæmi að nýtt 4G-kerfi, byggt á grunni núverandi kerfis, sem nær til 80 prósent landsins utan jökla og með gagnaflutningshraða upp á 10 megabita á sekúndu, er talið kosta á bilinu 22 til 33 milljarða króna. - mþl



AF MEÐ SALTID Langar biðraðir mynduðust við bílavottastöðvar borgarinnar í gær vegna saltklísters á bílum eftir sjóganginn í ofviðrinu á föstudag. Þessi kona lét ekki sitt eftir liggja og skrúbaði í jötunmóð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Órtröð á bílavottastöðvum: Gott að stífbóna bílana

SAMGÖNGUR Mikil órtröð var á bílavottastöðvum borgarinnar í gær og langar biðraðir mynduðust. Sjógangurinn í óveðrinu á föstudag olli því að mikið salt settist á bíla borgarbúa og saltklístrið á rúðunum takmarkaði útsýn. Vildu því margir þrifa bíla sína í gær en sumir gáfust þó upp á því að bíða í röðunum og létu lauslegt skrap nægja í bili.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir fátt við því að gera að salt setjist á bifreiðar í slíku veðri, en þó sé gamalt og gott ráð að hafa bílana stífbónaða því bónið hrindi saltinu frá. „Annars fer þetta nú auðveldlega af með vatni og sápu,“ segir Runólfur. „Og þótt saltklístrið sé hvimleitt er enginn stórkostlegur skaði skeður.“ - fsb

Útgreiðsla séreignarsparnaðar nemur 80 milljörðum frá því í mars 2009:

Rúmlega 30 milljarða innspýting

FJÁRMÁL Útvarstekjur sveitarfélaga og tekjuskattur ríkisins af úttektum séreignarsparnaðar frá því í mars 2009 nemur alls rúmlega 30 milljörðum króna.

Umsóknarrestur til að sækja um útgreiðslu á séreignarsparnaði rann út 30. september síðastliðinn. Nú liggur fyrir að frá því að heimilað var að taka út séreignarsparnaðinn í mars árið 2009 hafa þúsundir Íslendinga

tekið út samtals tæplega 80 milljarða króna.

Hag- og upplýsingasvið Sambands sveitarfélaga hefur tekið saman útgreiðslu sparnaðarinnar hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig og þær útvarstekjur sem úttektirnar skiluðu. Heildarupphæðir útsvarsins árlega eru verulegar; lægst 2,1 milljarður í ár en þær urðu mestar 3,5 milljarðar árið 2011.

Reykvíkingar tóku út 27,5 millj-


arða króna á tímabilinu, af því var greitt útsvar að upphæð 3,5 milljarðar króna. Akureyringar tóku út 4,1 milljarð króna og greiddu af því 520 milljónir til bæjarins.

Heildarútgreiðslur séreignar voru hæstar árið 2011 eða 24,4 milljarðar króna en eru tæpir 15 milljarðar í ár. Ríkið fékk í hverjum mánuði á bilinu 300 til þúsund milljónir króna í tekjur allt tímabilið. - shá / sjá síðu 8

ÞÚ LEGGUR HANA
EKKI FRÁ ÞÉR!

www.forlagid.is

EFTIR
HÖFUND
DÁVALDSINS



NÝ
KILJA

KEPLER

Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð
úr Bygg- og Hveitigrösium



Fæst í flestum apótekum og heilsuþúðum

SPURNING DAGSINS



Björn, er enginn hundur í ykkur?

„Nei, við erum mjög mjákvæð að eðlisfari.“

Björn Þór Björnsson stofnaði hóp á Facebook þar sem aðdáendur katta geta deilt myndum og myndböndum.

Welt am Sonntag skúbbar: Segja Evrópska seðlabankann brjóta reglur

ÞÝSKALAND Þýska vikublaðið Welt am Sonntag fullyrðir að Evrópski seðlabankinn láni spænskum bönkum milljarða evra á betri kjörum en reglur bankans leyfi. Í frétt í blaðinu í gær kemur fram að seðlabankinn hafi tekið við spænskum ríkisskuldabréfum sem tryggingu fyrir 16,6 milljarða evra láni til spænskra banka. Blaðið byggir þessa fullyrðingu á opinberum gögnum og segir að reglur Evrópska seðlabankans geri þessi skuldabréf óháð sem tryggingu. Stór alþjóðleg matsfyrirtæki hafa úrskurðað að lánshæfiseinkunn spænskra ríkisskuldabréfa sé annars flokks.

- fsb

Nýbreytni hjá Jóni Ólafssyni: Vatnið kemur heim að dyrum

VIÐSKIPTI Vatnsfyrirtæki Jóns Ólafssonar hyggst bjóða upp á heimsendingu á vatninu Icelandic Glacial í Kaliforníu og Flórída. Verkefnið er unnið í samvinnu við fjölmiðlara Los Angeles Times og Sun Sentinel. Vatnið mun þannig berast heim til fólks með blöðunum.

Jón Ólafsson segir að þetta sé það stærsta sem Icelandic Glacial hafi ráðist í til þessa. Í tilkynningu segir að með þessu móti geti fyrirtækið lagt sitt af mörkum til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið.

- sh

JÓN ÓLAFSSON

Áframhald á jarðskjálftahrinunni úti fyrir Norðurlandi með skjálfta upp á 3,8 stig:

Skjálftarnir finnast vel í byggð

NÁTTÚRA Jarðskjálftahrinan úti fyrir Norðurlandi hélt áfram um helgina en á laugardag mældust skjálftar rétt undir 4,0 á Richter. Fjöldi eftirskjálfta fylgdi í kjölfarið. Þeir sterkustu fundust víða í byggð, til dæmis á Siglufirði og Dalvík.

Jarðskjálftafræðingur á Veðurstofu Íslands segir að stærstu skjálftarnir um helgina hafi verið 3,8 stig á laugardaginn og 3,4 stig í gær. Upptök stóra skjálftans á laugardag voru 16 kílómetra norðvestur af Gjögurtá við mynni Eyjafjarðar en upptök stærsta skjálftans í gær voru 20 kílómetra út af Siglu-



SIGLUFJÖRÐUR Jarðskjálftahrinan fyrir norðan hefur staðið yfir með hléum síðan í september. MYND/FRIÐRIK ÞÓR HALLDÓRSSON

firði. Fjöldi smáskjálfta mældist við upptakasvæði stærsta skjálftans í hrinunni til þessa en hann reið yfir 21. október og var 5,6 stig.

Áfram verður fylgst náið með svæðinu hjá jarðskjálftavakt Veðurstofunnar eins og undanfarnar vikur en jarðskjálftahrinan fyrir norðan hófst í september. Þann 21. október varð stærsti skjálftinn, 5,6 stig, eins og áður segir. Hann fannst um allt Norðurland, og reyndar víðar. Þessi skjálfti var sá stærsti á svæðinu um nokkurt skeið en víðlíka jarðskjálftahrina gekk yfir árin 1996 og 2004.

- shá

Yousufzai á batavegi:

Getur gengið, talað og lesið

DUBAI AP Pakistanska stúlkan, Malala Yousufzai, sem skotin var í höfuðið í síðasta mánuði, er á góðum batavegi. Sendiherra Pakistans í Sameinuðu arabísku furstadæmunum fullyrkti þetta á stúdentsfundum sem haldin var til heiðurs Yousufzai í Dubai í gær.

Yousufzai var skotin vegna skoðana sinna, meðal annars á menntunarmálum kvenna. Hún liggur nú á sjúkrahúsi í Birmingham og hefur náð sér það vel að hún getur nú, að sögn sendiherrans, gengið, talað og lesið.

- fsb

Ættleiðingarnámskeið verða haldin að nýju

Íslensk ættleiðing hyggst halda undirbúningsnámskeið fyrir verðandi foreldra í þessum mánuði, en þau hafa legið niðri í hálf t. Félagið skrifaði undir samkomulag við innanríkisráðuneytið um að halda námskeiðin næstu fimm ár.

SAMFÉLAGSMÁL Íslensk ættleiðing hyggst hefja undirbúningsnámskeið fyrir verðandi kjörforeldra á nýjan leik í þessum mánuði. Námskeiðin hafa legið niðri síðan í apríl vegna fjárskorts. Seta á undirbúningsnámskeiði er forsenda fyrir því að hægt sé að gefa út forsambykki fyrir ættleiðingu og senda umsóknir fólks úr landi.

Fulltrúar Íslenskrar ættleiðingar og innanríkisráðuneytisins skrifuðu á fimmtudag undir samkomulag þess efnis að ættleiðingarfélagið haldi undirbúningsnámskeið næstu fimm árin. „Sem er frábært, við erum þá komin með það fast í hendi. En þetta hefst auðvitað í hendur við fjárlögin, þetta þýðir í raun og veru ekkert nema í samhengi við þau. Þetta er svona milliskref, mjög ánægjulegt,“ segir Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar.

Félagið fær samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 9,1 milljón til að starfa á næsta ári, en forsvarsmenn þess hafa sagt að um fjörutíu milljónir til viðbótar þyrfti til að það geti starfað eðlilega. Kristinn bindur vonir við það að fjárlögin til félagsins verði hækkuð í meðförum þingsins á fjárlagafrumvarpinu.

Undirbúningsnámskeiðunum var hætt í apríl sökum fjárskorts og innanríkisráðuneytinu var tilkynnt um þetta. Ráðuneytið og félagið hafa átt í viðræðum um breytingar á fjárlögunum frá árinu 2009.

Kristinn gerir ráð fyrir því að fyrsta námskeiðið verði haldið í seinni hluta nóvember. Sálfræðingur sem sér um námskeiðið mun



ÁNÆGJULEGT MILLISKREF Fyrsta undirbúningsnámskeiðið fyrir verðandi kjörforeldra verður haldið í þessum mánuði. Kristinn segir margt hafa getað breyst hjá fólkinu sem hefur beðið eftir námskeiðum síðan í apríl, svo ekki sé vítað hversu margir biði eftir námskeiðinu.

NORDICPHOTOS/GETTY

Biðlistar hafa styst

Biðlistar eftir ættleiðingum hafa styst verulega á þessu ári. Fyrir þremur árum síðan voru að jafnaði um hundrað fjölskyldur á biðlista en í september biðu 46 fjölskyldur auk þess sem 37 fjölskyldur voru í undirbúningsferli. Því voru 83 fjölskyldur í ættleiðingarferli. Meginástæðan fyrir þessu er sú að vel hefur gengið að ættleiða börn frá Kína. Önnur ástæða var sú að eftir að undirbúningsnámskeiðum var hætt hæðði á nýjum umsóknum.

um helgina hefja undirbúning með kennurum á námskeiðinu.

Rúmlega þrjátíu hafa beðið þess að komast á undirbúningsnámskeið síðustu mánuði, en Kristinn segir að margt hafi getað breyst

í lífi fólksins á þessum tíma. Þá hafi fólk ekki verið að leggja inn umsóknir til félagsins á meðan það vissi af biðstöðunni og því gæti verið að fjöldinn breyttist.

thorunn@frettabladid.is

Stormurinn reif tuttugu metra há tré á Sveinseyri upp með rótum:

Tjón upp á hundruð þúsunda

ÓVEÐUR Ég stend hérna og horfi á sitkagrenið hinum megin við ána. Þar eru fimm eða sex tré sem féllu alveg,“ segir Sigurður G. Tómasson útvarpsmaður, sem býr á Sveinseyri í Mosfellssveit þar sem óveðrið á föstudag reif mörg tré upp með rótum og braut önnur. „Við erum að tala um yfir tuttugu metra há tré sem voru meðal hæstu trjáa á Suðvesturlandi. Bolirnir eru um það bil fimmtíu til sjötíu sentimetrar í þvermál og þetta rifnar upp með rótum.“

Auk grenitrjáanna féllu stórar aspir, gullregn og furutré. „Þetta eru tré sem var plantað um miðja síðustu öld,“ segir Steinunn Bergsteinsdóttir, húsfreyja á Sveinseyri. „Þetta er mikið tjón.“

Sigurður segir tjónið hlaupta á hundruðum þúsunda bara hjá þeim hjónum. Hann segir bæinn ekki bera ábyrgð á því að hreinsa brotnu



RIFIÐ UPP MEÐ RÓTUM Sigurður við eitt trjána sem óveðrið fellði. „Það eru tíu til tólf tré fallin bara hérna á landareigninni.“

FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

trén í burtu. „Ég held þetta sé bara á okkar ábyrgð,“ segir hann. „Þetta verður ekki hreinsað nema með

stórvirkum vinnuvélum og mannskap þannig að það mun kosta skilgilding. Þetta er ekkert búið.“

- fsb

Það sem eyru þín þjá

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

YARIS

Hannaður með framtíðina í huga



YARIS ER LEIÐANDI BÍLL.

Hann er búinn Toyota Touch kerfinu sem inniheldur bakkmyndavél, snertiskjá og framtíðarvænt fjarskiptakerfi sem veitir þér m.a. aðgang að tónlistinni þinni, upplýsingar úr aksturstölvu og notkunarmöguleika með farsímanum þínum. Toyota Touch & Go gefur þér kost á kortaleiðsögn á íslenskum vegum.

Það er sama hvert þú ætlar í lífinu. Yaris með Toyota Touch & Go, bakkmyndavél, sjö loftpúðum og eldsneytisnýtingu frá 3.91 á 100 km auðveldar þér vegferðina. Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is/yaris

Verð frá 2.590.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

GJALDMÍÐLAR KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	126,24	126,84
	Sterlingspund	203,27	204,25
	Evra	162,54	163,44
	Dönsk króna	21,785	21,913
	Norsk króna	22,126	22,256
	Sænsk króna	18,886	18,996
	Japanskt jen	1,5712	1,5804

SDR 193,56 194,72

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

225,2689

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nýtt úrræði í Svíþjóð:
Atvinnulaus ungmenni send til Noregs

SVÍÞJÓÐ Í Söderhamn í Svíþjóð hefur sveitarfélagið og vinnuástafofnunin gripið til óvenjulegra ráða til þess að draga úr atvinnuleysi ungmenna. Þau fá styrk til þess að flytja til Noregs.

Eftir mánaðar undirbúnings-tíma fá ungmennin greidda ferð til Óslóar og frítt húsnæði í einn mánuð, að því er segir í frétt sænska ríkisútvarpsins. Þegar ungmennin eru komin til Noregs fá þau aðstoð frá starfsmanni sam-takanna Nordjobb. Um 100 ungmenni frá Söderhamn hafa þegar farið til Noregs og fengu flest strax vinnu.



KLÆÐNING AF Í Eyjum þurfti að festa á klæðningu aftur. MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Björgunarsveitir kallaðar út:

Veðurhamur olli vandræðum

VEÐUR Björgunarsveit var kölluð út í Vestmannaeyjum í fyrrinótt vegna veðurs. Þar fauk klæðning utan af húsi og var hún negld föst að nýju.

Vonskuveður hefur verið um mestallt land um helgina og voru björgunarsveitir að störfum á fjórum stöðum á landinu á laugar-dag; á Egilsstöðum, Akureyri, Sauðárkróki og Akranesi. Aðstoða þurfti fólk í ófærð, koma mat til eldri borgara og fleira.

Mjög mikil ofankoma var austan-lands um helgina og flestir fjallvegir ófærir.

Spennan í hámarki fyrir bandarísku forsetakosningarnar á morgun:

Hnífjafnir í nýjustu könnunum

BANDARÍKIN Frambjóðendurnir tveir í bandarísku forsetakosningunum á morgun, Barack Obama Bandaríkjaforseti og Mitt Romney, frambjóðandi repúblikana, mælast með nær hnífjafnt fylgi í tveimur skoðana-könnunum sem birtar voru í gær. Obama nýtur stuðnings 48 prósentu líklegra kjósenda í könnun fréttastofu NBC-sjónvarpsstöðvarinnar og Wall Street Journal en 47 prósent styðja Romney. Í könnun ABC-sjónvarpsstöðvarinnar og Washington Post, sem einnig var birt í gær, nýtur hvor frambjóðandi fylgis 48 prósentu aðspurðra.



MITT ROMNEY BARACK OBAMA

Í hvorri könnun voru 1.475 líklegir kjósendur spurðir hvorn frambjóðandann þeir styddu. Skekkju-mörk eru plús eða mínus 2,55 prósent.

Frambjóðendurnir ljúka kosningabaráttu sinni með látum í dag. Obama fær rokkarann Bruce Springsteen í lið með sér á fundum í Madison í Wisconsin, Columbus í Ohio, þar sem rapparinn Jay-Z slæst í hópinn, og í Des Moines í Iowa. Forsetinn og forsetafrúin halda síðan til Chicago þar sem þau verða á kjördag. Romney verður enn önnur kafnari í dag því hann heldur fundi í Sanford í Flórída, Lynchburg og Fairfax í Virginíu, Columbus í Ohio og Manchester í New Hampshire. Á kjördag verður hann svo í Boston.

Skipun til flugstjóra í Noregi:
Sneru við vél í lok vinnudags

NOREGUR Þegar tæp mínúta var í lendingu farþegavélar Widerøe-flugfélagsins í Mosjøen í Noregi í síðustu viku fékk flugstjórinn skipun frá flugfélaginu um að snúa við til Værnes í Þrándheimi.

Kynningarfulltrúi félagsins segir að þremur mínútum fyrir lendingu hafi uppgötvast að vinnu-tíma áhafnarinnar hafi verið að ljúka. Vélin hefði því orðið að vera um kyrrt í Mosjøen þar sem engin varaáhöfn var til að taka við. Þar með hefði orðið að aflýsa öðrum ferðum vélarinnar.

Sorpa boðar dómssmál verði starfsleyfið á Álfsnesi stytt

Umhverfisstofnun vill takmarka nýtt starfsleyfi urðunarstöðvar Sorpu á Álfsnesi við tvö ár þannig að það renni út í árslok 2014. Sorpa segir slíka ákvörðun ekki byggja á lögum og boðar dómssmál með bótakröfum.

STJÓRNSÝSLA Sorpa segist ekki sætta sig við boðaða ákvörðun Umhverfisstofnunar um að aðeins verði veitt nýtt starfsleyfi til næstu tveggja ára fyrir urðunarstöð fyrirtekisins á Álfsnesi. Sorpa vill að leyfið gildi í tólf ár.

Umhverfisstofnun segir urðunarstaðinn ekki í samræmi við skipulagsáætlanir á Álfsnesi. Áður en stofnunin tekur ákvörðun sína er Sorpu gefið ráðrúm til andmæla. Athugasemdir Sorpu eru í meginatriðum þrjúþættar:

„Í fyrsta lagi að Umhverfisstofnun hafi ekki heimild að lögum til að byggja íþyngjandi ákvörðun um verulega stuttan gildistíma starfsleyfis á skipulagslegum forsendum enda feli það í sér brot gegn lög-mætis- og réttmætisreglu stjórnsýsluréttarins, í öðru lagi að ekki rúmist innan vald-sviðs Umhverfisstofnunar að framfylgja skipulagslegum ákvörðunum og í þriðja lagi að stofnunin misskilji eðli og efni þeirra skipulagsáætlana sem í gildi eru fyrir urðunarstaðinn á Álfsnesi,“ segir Ingi B. Poulsen, lögmaður Sorpu, í svari til Umhverfisstofnunar.

Að sögn lögmannsins felur boðuð ákvörðun í sér brot á meginreglum stjórnsýsluréttar. Þótt stofnunin geti ákveðið lengd starfsleyfa hafi myndast stjórnsýsluvenja um að þau séu gefin út til tólf ára. Þá hafi Umhverfisstofnun fram til þessa veitt starfsleyfi á löðum sem ekki hafa verið deiliskipulagðar og nefnir dæmi þar um.

„Það hefur því ekki truflað



URÐUNARSTÖÐIN Á ÁLFNESI Umhverfisstofnun vill ekki gefa út nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstöðina lengur en til ársloka 2014. Sorpa segir hins vegar gríðarlega hagsmunum felast í því að starfsleyfið sé til langs tíma.

útgáfu starfsleyfa hingað til að meðferð skipulagsáætlana hafi ekki verið í samræmi við lög. Gefur því augaleið að ætli stofnunin nú að setja efnislegt inntak í skilyrði fyrir starfsleyfi þá brýtur hún gegn jafnræðis-reglu,“ segir í andmælum Sorpu.

Þá segir lögmaðurinn að komi einhvern tíma til þess að land-notkun á Álfsnesi verði í andstöðu við deiliskipulag sé ljóst að réttbært stjórnvald til að takast á við þá stöðu sé skipu-

„Það hefur því ekki truflað útgáfu starfsleyfa hingað til að meðferð skipulagsáætlana hafi ekki verið í samræmi við lög.“

INGI B. POULSEN
LÖGMAÐUR SORPU

lags- og byggingarnefnd Reykjavíkurborgar, og eftir atvikum Skipulagsstofnun, en ekki Umhverfisstofnun.

„Verði niðurstaða Umhverfisstofnunar sú að binda gildistíma starfsleyfis Sorpu fyrir urðunarstaðinn á Álfsnesi við tvö ár í samræmi við óljósar yfirlýsingar í skipulagsáætlun- unum mun Sorpa láta reyna á þá ákvörðun fyrir æðra stjórnsýslu- stigi og dómstólum ef þurfa þykir og mun eftir atvikum gera kröfu um skaðabætur vegna þess tjóns sem ákvörðunin fyrirsjáanlega hefur í för með sér.“ segir lög- maður Sorpu.

LYFJEVER
HEIMSENDING UM ALLT LAND

Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJEVER.IS

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

BREYTINGAR
Veðrið tekur nú snöggum breytingum en í dag verðum við í nokkuð mildri suðvestanátt með vætu en snýst í norðanátt með kólnandi veðri og eljum norðan til í kvöld. Austanátt með slyddukenndri úrkoma og sums staðar snjökoma syðra á morgun.

Á MORGUN 5-13 m/s, hvassara syðst.
MIÐVIKUDAGUR 3-8 m/s.

HEIMURINN

Alicante	21°
Basel	17°
Berlín	10°
Billund	6°
Frankfurt	10°
Friedrichshafen	10°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	27°
London	7°
Mallorca	22°
New York	8°
Orlando	27°
Ósló	4°
París	11°
San Francisco	25°
Stokkhólmur	5°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Þráir þú dýpri svefn? Heilsurúm í sérflokki

Tilboð á
Chiro
collection
í nóv.

12
mánaða
vaxtalaus lán*
á Chiro
collection

* 3,5% lántökugjald

Chiro DeLuxe
heilsurúm á jóla-
tilboði kr. 224.720 með:

56.180
kr. afsláttur
160x200 cm

AÐEINS
19.722,-
afb. á mánuði í
12 mánuði



Mjúkt, slitsterkt bómullaráklæði

8 cm Latex heilsufirdýna

Eurotop® betur nýttur svefnflötur

5 svæðaskipt gormakerfi


Steyptar kantstyrkingar

Val um 5 litir á botni

Val um 3 gerðir af löppum



Hannaðu þitt eigið rúm – 5 litir af botnum, 3 gerðir af löppum



① Svart leður
② Hvítt leður
③ Brúnt leður
④ Dökkgrátt tau



Aluminium



Wenge



Eik

NÝ HÖNNUN

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma í MultiSpring kerfinu er 220 pr fm. Dýnuna getur þú valið með Conformia heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýsti jöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar dýnnunar gefa 25% meira svefnsvæði.

Allir eiga skilið smá
lúxus á hverjum degi!

15%
afsláttur



Bella Donna - Aloe Vera lök

Bella Donna lökin eru dúnmjúk og þykk bómullarteyggjulök sem faðma dýnuna þína. Bómullin fær dekurmeðferð og er blönduð með Aloa Vera geli. Lökin endast ár eftir ár!



C&J stillanlegt 2 x 90 x 200cm

Með Infinity heilsudýnu m. pokagormum og latex

TILBOÐ Kr. 457.360,-

20%
afsláttur

AÐEINS
39.787,-
afb. á mánuði í
12 mánuði



Charlotte & Julien
Dream your world

Betra
BAK

Leggur grunn að góðum degi

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16



1. Hver er höfundur bókarinnar Sagan af klaustrinu á Skriðu?
2. Hvað heitir fyrsta plata sveitarinnar Alt-J?
3. Hvað heitir bassaleikari Sigur Rósar?

SVÖR

1. Steinhinn Kristjánsson. 2. An Awesome Wave. 3. Georg Hölm.

Danskir veitingastaðir:

Krefja eigendur um verndarfé

DANMÖRK Lögreglan í Kaupmannahöfn hefur frá áramótum skráð að minnsta kosti 11 tilfelli þar sem eigendum veitingastaða hefur verið hótad borgi þeir ekki verndarfé. Lögreglan segir fjölda raunverulegra tilfella óljósan þar sem ekki sé víst að þau séu öll skráð hjá lögreglunni.

Fyrir á þessu ári greindi eigandi Café Viking á Norðurbrú, Jane Pedersen, frá hótunum aðila sem vildu að hún greiddi þeim verndarfé.

-ibs



MINNINGARATHÖFN Tíbetskir munkar minnst eins af mótmælendum sem kveikti í sér í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæla kínverskri stjórn:

Enn einn kveik-ir í sér í Tíbet

TÍBET, AP Tíbetskur listamaður lést eftir að hafa kveikt í sér í bænum Tongren í vesturhluta Kína í gærmorgun. Maðurinn, sem hét Dorje Lungdup og var málarí, vildi með þessu þrýsta á um endurkomu Dalaí Lama til Tíbet og að kínversk stjórnvöld létu af yfirráðum þar.

Á vefsíðu AP er haft eftir forsvarsmanni útlagastjórnar Tíbet, sem hefur aðsetur í Dharamsala á Indlandi, að íbúar í Tongren hætti sér vart út úr húsum sínum af ótta við öryggissveitir kínverska hersins sem eru fjölmennar í bænum.

Fjölmarginir Tíbetar hafa kveikt í sjálfum sér á síðustu mánuðum til að mótmæla harðræði kínverskra stjórnvalda.

-fsb

Viðskiptavinur kvartar til úrskurðarnefndar lögmanna vegna verðlagningar lögmans sem hann leitaði til:

Rukkaði 4.625 krónur fyrir mínútusímtal

NEYTENDUR Lögmáður á lögfræðistofu á höfuðborgarsvæðinu rukkaði viðskiptavin um fjórðung úr tímakaupi þegar hann hringdi til að spyrja hvort lögmáðurinn gæti tekið mál hans að sér. Skráð lengd símtals í farsíma lögmansins er ein mínúta samkvæmt yfirliti sem maðurinn fékk frá Vodafone.

Lögmáðurinn rukkaði einnig í tvígang um fjórðung úr tímakaupi vegna órstuttra tölvupósta. Þetta er meðal þess kemur fram í kvörtun til úrskurðarnefndar lögmanna vegna gjaldtöku lögmansins.

Viðskiptavinurinn segir í kvörtun sinni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, að lögmáðurinn hafi greint frá því að hann ynni á tímargjaldi sem væri 18.500 krónur.

Í kvörtuninni getur viðskiptavinurinn þess að sér hafi ekki á neinum tímupunkti verið gerð grein fyrir

reglum eða gjaldskrá sem gilda um lágmarkstímaeiningar. Verðskrá hafi heldur ekki verið sjáanleg á staðnum.

Lögmáðurinn er sagður hafa svarað að hann væri tilbúinn að lækka reikninginn, sem var að fjárhæð 116.088 kr. fyrir 5 tíma, um 0,75 tíma vegna tölvu-póstssamskipta.

Viðskiptavinurinn leitaði til lögmansins til að biðja hann að fara yfir samningsdrög vegna greiðslna til barnsmóður og umgengni við barn. Að sögn viðskiptavinarins var samningurinn orðinn að sambúðarslitasamningi um framfærslu og forsjá sem aldrei hefði komið til umræðu. Þykir honum ljóst að samningur lögmansins hafi ekki verið frumsaminn heldur hafi verið notuð önnur fyrirmynd.

-ibs



VIÐ HÉRAÐSDÓM Manni blöskraði svo verðlagning lögmans að hann kvartaði yfir henni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hótaði börnum vítisvist ef þau segðu frá

Séra Georg í Landakotsskóla og kennarinn Margrét Müller beittu mjög grófu kynferðisofbeldi um árabil. Um það vitnuðu átta manns fyrir rannsóknarnefnd kaþólsku kirkjunnar. Margrét sögð hafa svæft stúlku og misnotað.

OFBELDI Mjög grófu kynferðisofbeldi séra Georgs, fyrrverandi skólustjóra Landakotsskóla, og kennarans Margrétar Müller gegn nemendum sínum er lýst í skýrslu rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar um starfsemi skólans á meðan kirkjan starfrækti hann.

Átta af þeim þrjátíu fyrrverandi nemendum sem nefndin ræddi við, sex karlar og tvær konur, báru um kynferðisofbeldi innan veggja skólans og í sumarvöl hans. Tekið er fram í skýrslunni að langt sé liðið frá atburðinum, frásagnirnar kunni að vera ónákvæmar og ekki sé lagt mat á trúverðuleika þeirra.

Frásagnirnar um háttsemi séra Georgs snúast um allt frá þukli til mjög grófra kynferðislegra athafna. Þannig voru frásagnir um að hann hefði látið bæði drengi og stúlku girða niður um sig og leggja yfir hné hans og síðan stungið fingri í endaparm drengs og kynfæri stúlkna. Þá eru frásagnir um að drengur hafi verið látinn fróa honum og hafa við hann munnmök.

Séra Georg er sagður hafa beitt ýmsum brögðum til að ná sínu fram. Hann hafi logið því að börnum að foreldrar hafi gefið honum leyfi til að refsa þeim fyrir misgjörðir heima fyrir og verðlaunað sum börn með gosi og sælgæti eftir að hafa brotið gegn þeim.

Þá hafi hann hótad börnum að illa færi fyrir þeim og fjölskyldum þeirra ef þau segðu frá og ein frásögn er um að hann hafi sagt dreng að ef hann kjaftaði frá mundi Guð hafna honum og hann brenna í víti í stað þess að fara til himnaríkis.

Sögurnar af Margréti Müller eru á svipaða leið. Hún hafi þuklað á



SKÓLASTJÓRINN Séra Georg var skólustjóri Landakotsskóla frá 1961 til 1998. Hann lést fyrir fjórum árum.

Tóku höndum saman um ofbeldið

Ef marka má frásagnirnar pukruðust séra Georg og Margrét ekki með ofbeldið hvort í sínu horni. Ein sagan er á þá leið að skólustjórinn og kennarinn hafi í sameiningu látið tvo drengi afklæðast, nudda kynfærum sínum hvor við rass annars og hafa munnmök hvor við annan á meðan þau horfðu bæði á.



MARGRÉT MÜLLER

kynfærum drengja, haft munnmök við einn þeirra og látið dreng þukla á kynfærum sínum og brjóstum. Þá hafi hún látið drengi hafa munnmök við sig, nudda kynfærum sínum við kynfæri hennar og notað aðskotahluti á borð við kert í kynferðislegum tilgangi.

Í einu tilviki var sagt frá grunsemdum um að Margrét hefði svæft stúlku með lyfjagjöf og misnotað hana. Stúlkan hafi þegið drykk af Margréti, liðið út af og

rankað við sér nokkru síðar, liggjandi á bekk, mjög aum í endaparmi þannig að úr blæddi dögum saman. Margrét hafi gefið þá skýringu að stúlkan hafi verið andsetin og dottið niður stiga.

Flestir sem báru um kynferðisofbeldi sögðu að það hefði staðið í mörg ár. Meðal niðurstaðna skýrslunnar er að kirkjan hafi þaggað málið niður og starfsfólk hennar með því vanrækt skyldur sínar.

stigur@frettabladid.is



Í FORVAL Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson gefa báðir kost á sér í forvali Vinstri grænna.

Setja verk sín í dóm kjósenda:

Ráðherrar í framboð á ný

STJÓRN MÁL Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvegaráðherra og formaður Vinstri grænna, gefur kost á sér í 1. sæti í forvali flokksins í Norðausturkjördæmi. Steingrímur segist vilja viðhalda þeirri sterku stöðu sem flokkurinn hafi byggt upp, bæði í kjördæminu og á landsvisu, og leggja árangur ríkisstjórnarinnar í dóm kjósenda.

Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, gefur kost á sér í fyrsta sæti lista VG í Suðvesturkjördæmi. Hann segist í ráðherratíð sinni hafa beitt sér fyrir skýrri forgangsröðun hvað varðar það að standa vörð um innviði samfélagsins og auðlindir.

-fsb

Endurvinnsla í Svíþjóð:

Svías græða á norsku sorpi

SVÍÞJÓÐ Svías eru svo duglegir við endurvinnslu að þeir hafa of lítið af brennanlegum úrgangi til að hita upp íbúðarhúsnæði. Þetta kemur fram í frétt á norska viðskiptavefnum e24.no. Svías þurfa að flytja inn úrgang frá Noregi.

Svías fá greitt fyrir að brenna norska sorpið. Síðan senda þeir óskuna til baka þar sem Norðmenn sjá um förgun þungmálma í henni. Fimmta hvert heimili í Svíþjóð er hitað upp með varma frá fjarvarmakerfum tengdum endurvinnslustöðvum.

-ibs

JÁKVÆÐ MERKI ÚR ATVINNULÍFINU

Það eru jákvæð teikn á lofti í íslensku atvinnulífi. Fjöldmörg fyrirtæki eru að ná eftirtektarverðum árangri þrátt fyrir krefjandi aðstæður.

Arion banki fagnar þessum góða árangri.

Kynntu þér málið á arionbanki.is

60 NÝIR SÉRFRÆÐINGAR MANNVIT



Fyrirmyndar-
fjölskylda!

Vöruúrvalið í 10-11 er frábært
og þar færðu súpunar,
kraftinn, kryddin og alla
hina í Knorr-fjölskyldunni.



Fljótlegt og þægilegt

Ráðherra fjölmiðlamála í Bretlandi hótar opinberri rannsókn á Savile-málinu: Krefst fullnægjandi skýringa frá BBC

LONDON, AP Breska ríkisstjórnin gæti fyrirskipað opinbera rannsókn á meðhöndlun breska ríkisútvarpsins, BBC, á kynferðisbrotum Jimmys Savile. Það sagði Maria Miller, menningarmálaráðherra Breta sem einnig hefur með fjölmiðlamál að gera, í samtali við The Sunday Telegraph í gær.

Miller sagði að búast mætti við opinberri rannsókn ef innra eftirlit BBC fyndi ekki fullnægjandi skýringar á því hvernig á því stóð að kynferðisbrot Saviles hefðu verið látin viðgangast áratugum saman.

Savile, einn frægasti sjónvarpsmaður BBC, hefur verið sakaður um að hafa beitt hundruð unglunga kynferðislegu ofbeldi á meðan hann vann við sjónvarpsstöðina.

Innan BBC stendur nú yfir rannsókn á því hvort Savile hafi nýtt sér frægð sína og stöðu innan sjónvarpsins til að lokka

unglingana og hvort félagar hans hafi vitað af framferði hans án þess að tilkynna það. Auk þess er kannað hvort forsvarsmenn eins af vinsælustu skemmtipáttum stöðvarinnar hafi haft vitneskju um misnotkunina í desember síðastliðnum en ákveðið að stinga þeim upplýsingum undir stól til að varpa ekki skugga á hyllingarbætti um Savile sem stöðin sýndi í upphafi þessa árs. Ásakanir um kynferðislega misnotkun Saviles á unglungum komu fyrst fram hjá samkeppnisstöðinni ITV.



JIMMY SAVILE

- fsb

Ráðist á útlendingastofnun: Samhæfð skemmdarverk

SVÍPJÓÐ Skemmdarverk voru unnin á tveimur skrifstofum útlendingastofnunar í Svíþjóð fyrir helgi. Rúður voru brotnar, málningu hellt um skrifstofur og slagorð á borð við „hafnanir ykkar drepa“ sprejuð á vegg.

Lögregla telur að árásirnar hafi verið skipulagðar en þær voru gerðar á svipuðum tíma í Malmö í suðri og Umeå í norðri.

Hópur sem kallar sig „aðgerðir fyrir heim án landamæra“ hefur sent bréf til margra sænskra dagblaða og lýst yfir ábyrgð.

- þeb



VAR BRENNÐUR UM HELGINA

Líkneski af hjólréiðakappanum Lance Armstrong var um helgina brennt í bænum Edenbridge í Bretlandi á brennunótt, sem haldin er árlega til minningar um sprengjumanninn Guy Fawkes.

NORDICPHOTOS/AFP



VIÐ INNGANGINN Noma er sagður besti veitingastaðurur í heimi.

NORDICPHOTOS/AFP

Veitingastaðurinn Noma:

Vísa árlega frá milljón gestum

DANMÖRK Upplýsingastjóri veitingastaðarins Noma í Kaupmannahöfn telur að frá hafi þurft að vísa yfir milljón manns sem reynt höfðu að panta borð á staðnum á liðnu ári. Staðurinn getur tekið á móti 20 þúsundum gesta.

Haft er eftir upplýsingastjóra Noma, Peter Kreiner, á fréttavef Politiken að ekki séu til nákvæmar tölur þar sem fyrirsurnir komi í gegnum bókunarkerfi, tölvupóst og síma. Hver fyrirsurn getur varðað tvo til 15 gesti. Að sögn Kreiner mætti áætla að fjöldinn fari yfir eina milljón á ári.

Samkvæmt listanum World's 50 Best Restaurants er Noma besti veitingastaður heims.

-ibs

STJÓRN MÁL

Gefur kost á sér í 3. sæti

Fréttamaðurinn Ingimar Karl Helgason gefur kost á sér í þriðja sæti í öðru hvoru Reykjavíkurkjördæmanna fyrir Vinstrihreyfinguna grænt framboð fyrir komandi Alþingiskosningar.

Sækist eftir 2. sæti

Rósa Björk Brynjólfssdóttir, upplýsinga- fulltrúi fjármálaráðuneytisins, sækist eftir 2. sæti á lista VG í Suðvesturkjördæmi fyrir kosningarnar næsta vor.

Ellefu milljarða aukaútsvar

Eigendur séreignarsparnaðar taka út 80 milljarða króna frá mars 2009. Af þeirri upphæð fær ríkið og sveitarfélögin 31 milljarð í tekjuskatt og útsvar. Útgreiðsla séreignar var mest fyrri hluta árs 2011.

FJÁRMÁL Tekjuskattur ríkisins af útgreiðslu séreignarsparnaðar nemur tæplega 20 milljörðum króna. Útsvarstekjur sveitarfélögunna eru aðrir ellefu milljarðar króna.

Umsóknarfrestur til að sækja um útgreiðslu á séreignarsparnaði rann út 30. september síðastliðinn. Frá því að heimilað var að taka út séreignarsparnaðinn í mars árið 2009 hafa tæplega 80 milljarðar króna verið teknir út. Heimild til útgreiðslu á séreignarsparnaði var tímabundin hrunsaðgerð sem Alþingi samþykkti. Það hefur haft í för með sér tímabundna hækkun á útsvarstekjum sveitarfélöga og tekjuskatti ríkisins.

Hag- og upplýsingasvið Sambands sveitarfélöga hefur tekið saman útgreiðslu sparnaðarinnar hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig og þær útsvarstekjur sem úttektirnar skilðu. Heildarupphæðirnar eru verulegar; lægst 2,1 milljarður á þessu ári en útsvarstekjur sveitarfélögunna urðu mestar 3,5 milljarðar árið 2011. Umfang aðgerðarinnar sést glögglega í tölfærðu Sambandsins.

Þegar einstök sveitarfélög eru skoðuð sést að Reykjavíkingar tóku út 27,5 milljarða króna á tímabilinu, af því var greitt útsvar að upphæð 3,5 milljarðar króna. Kópavogsbúar tóku út 8,7 milljarða króna og greiddu 1,1 milljarð til sveitarfélagsins, svo annað dæmi sé tekið.

Heildarútgreiðslur séreignar voru hæstar árið 2011, eða 24,4 milljarðar króna, en eru tæpir 15 milljarðar í ár. Samkvæmt gögnum

Úttektir og útsvar tíu sveitarfélöga 2009-2012


Heimildin til útgreiðslu var fyrst ein milljón. Síðan var sú fjárhæð hækkuð í 2,5 milljónir, þá í fimm milljónir og síðast í 6.250 þúsund með lagabreytingu í september 2011.

ÚTGREIÐSLUR SÉREIGNAR 2009-2013

2009	22,0 milljarðar
2010	16,9 milljarðar
2011	24,4 milljarðar
2012	14,8 milljarðar
2013	1,9 milljarðar
Alls:	79,5 milljarðar

ÚTSVAR AF SÉREIGN

2009	2,9 milljarðar
2010	2,2 milljarðar
2011	3,5 milljarðar
2012	2,1 milljarðar
2013	0,3 milljarðar
Alls:	11 milljarðar



ALLAR TÖLUR ERU Í MILLIÓNUM KRÓNA

sem tekju- og skattaskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytisins tók saman fyrir Fréttablaðið kemur fram að ríkissjóður hefur í hverjum mánuði allt tímabilið fengið á bilinu 300 til 600 milljónir króna í skatttekjur. Þessar tekjur fóru hæst í rúman milljarð í júlí 2011 þegar útgreiðslur voru hæstar.

Langflestir hafa haldið áfram að greiða í séreignarsjóði þrátt fyrir að hafa nýtt sér heimild til sérstakrar

útgreiðslu sparnaðar eftir hrúnið. Aðeins 1.224 færri greiddu í slíka sjóði árið 2010 en árið á undan, og voru þá 62.251, samkvæmt upplýsingum Landssamtaka lífeyrissjóða.

Heildareignir landsmanna í séreignarsparnaði hafa aukist um tugi milljarða frá því í mars 2009, þrátt fyrir útgreiðslu 80 milljarða króna. Það er hægt að lesa í gögnum Seðlabanka Íslands frá því í fyrra. Eign landsmanna í séreignarsparnaði var

327 milljarðar króna hinn 30. júní 2011. Heildarinnistæður séreignarsparnaðar frá hrúni höfðu þá vaxið um 75 milljarða en þær voru 255 milljarðar í árslok 2008; 288 milljarðar í árslok 2009 og 314 milljarðar um áramótin 2010. Vöxturinn hefur því verið níu til þrettán prósent árlega, og því óhætt að áætla að heildareignir í séreignarsjóðum séu nú um 380 milljarðar króna.

svavar@frettabladid.is

maritech
- tryggir þér samkeppnisforskot



Viðskiptalausnir

hvert er þitt
hlutverk?

Fjármálastjórnin:

„Hlutverk mitt er að hafa yfirsýn yfir reksturinn og geta greint frá stöðunni á skilmerkilegan hátt.“

Maritech sérhæfir sig í Microsoft Dynamics NAV viðskiptalausnum.



maritech

Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 102, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » sala@maritech.is » www.maritech.is



Microsoft
Dynamics™ NAV

Microsoft Partner

Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)



EITT ÞAÐ BESTA FRÁ Panasonic



Panasonic TXL42E5Y

159.990

ÁÐUR 189.990

ÖRÞUNNUR IPS LED HÁGÆÐA SKJÁR

Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum

150Hz Backlight scanning

Clear Panel myndislan fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum sem tryggir bjartari og meiri myndgæði. 150Hz tæknin skilar allri hreyfingu frábærlega til áhorfandans.

VIERA Connect

Viera Connect færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum

mismunandi formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og vera í sambandi gegnum Skype. Einnig er hægt að spila leiki án þess að nota tölvu.

VrealLIVE örgjörvi

Velkomin í veröld SmartTV með VIERA og Vreal Live.

Myndvinnsluörgjörvinn er hannaður til að tryggja bæði hraða og nákvæma netvirkni ásamt bestu mögulegu myndgæðum.

V-Audio Surround

V-Audio Surround er fjólrása hljóðstilling sem skilar Surround hljómgæðum úr innbyggðum hátölurum tækisins.

Media spilari

Settu í SD minnskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

VIERA Remote App Support

Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort tækið er byggt á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið.



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Official 3D Equipment Partner

Panasonic



NÓVEMBER TILBOÐ

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Allt að 80% lánamöguleikar

Mikið úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á tilboði í nóvember!



Tökum notaðan upp!
notaðan! Erum í
sammingsstuði!

NISSAN QASHQAI SE 4x4
Nýskr. 06/11, ekinn 29 þús km.
bensín, sjálfskiptur
Rnr.141352.

Frábær kaup kr.
4.490 þús.



HONDA ACCORD ELEGANCE
Nýskr. 03/10, ekinn 48 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
TILBOÐ kr. 3.090 þús.
Rnr.200905.



TOYOTA AURIS SOL
Nýskr. 03/08, ekinn 62 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
TILBOÐ kr. 1.990 þús.
Rnr.200910.



SUZUKI GRAND VITARA LUX
Nýskr. 06/10, ekinn 36 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
TILBOÐ kr. 3.390 þús.
Rnr.151480.



CHEVROLET LACETTI STATION
Nýskr. 01/11, ekinn 30 þús km.
bensín, beinskiptur.
TILBOÐ kr. 1.590 þús.
Rnr.280227.



RENAULT CLIO COMFORT
NÝR BÍLL
dísil, beinskiptur.
TILBOÐ kr. 2.390 þús.
Rnr.200928.



NISSAN X-TRAIL SE
Nýskr. 06/11, ekinn 19 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
TILBOÐ kr. 5.090 þús.
Rnr.141354.

bíaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



Í DOHA Burhan Ghalioun, leiðtogi Sýrlenska þjóðarráðsins, (til vinstri) heilsar gestum á fundi stjórnarandstöðuflokksins í Doha í Katar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barið í bresti stjórn- arandstöðu Sýrlands

Fimm daga ráðstefna Sýrlenska þjóðarráðsins hófst í Katar í gær. Kosin verður ný forysta. Þá verður tekin fyrir áætlun sem efla á samstarf ólíkra andófsþópa innan Sýrlands. Án umbóta gætu andófsmenn misst aðstoð erlendra ríkja.

KATAR, AP Lykilþjóðir styðja viðleitni til að styrkja og efla samheldni hópa sem barist hafa á móti stjórnvöldum í Sýrlandi, að sögn höfundar áætlunarinnar. Stjórnarandstaðan hefur víða verið gagnrýnd fyrir ósamstöðu. Þá hafa hópar stjórnarandstæðinga þegar lýst andstöðu við fyrirætlunirnar.

Fimm daga ráðstefna, sem ætlað er að bera klæði á vopnin í innbyrðis erjum sem hamlað hafa stjórnarandstæðingum Sýrlandsstjórnar í átökum í Sýrlandi, hófst í Doha í Katar í gær.

Mikið er í húfi, því takist ekki umbætur í samstarfi andstöðuhópa, sem reyna að koma Bashar Assad Sýrlandsforseta frá völdum, þá gætu þeir orðið af alþjóðlegri aðstoð í baráttu sinni. Vegna þess hversu brotakernd baráttan hefur verið og stjórn hennar laus í reipum hafa vestræn stjórnvöld verið óviljug til að senda stjórnar-



Í SÝRLANDI Konu og börnum bjargað úr húsi sem varð fyrir loftárás stjórnarhersins í bænum Al-Bab í gær. NORDICPHOTOS/AFP

andstæðingum peninga eða annan stuðning, svo sem í formi vopna.

Riad Seif, sem hefur verið framarlega í baráttu sýrlenskra andófsmanna, hefur lagt til að komið verði á stjórn 50 manna sem leiði baráttuna gegn Sýrlandsstjórn. Þar á meðal verði fulltrúar hópa innan úr Sýrlandi, svo sem herforingjar og leiðtogar hópa stjórnarandstöðuflokka sem náð hafa landssvæðum í Sýr-

landi undir sína stjórn. Hópar sem berjast í Sýrlandi, þar á meðal uppreisnarhópurinn Frjálsi Sýrlandsherinn, hafa ekki verið hrifnir af hugmyndum um stjórnarandstöðuleiðsögn í útleð.

Áætlunin myndi draga verulega úr áhrifum aðalstjórnarandstöðu hópsins, Sýrlenska þjóðarráðsins. Hópurinn hefur verið gagnrýndur fyrir að vera óskilvirkur og úr tengslum við það sem er að gerast í landinu, en hann samanstendur að mestu af fræðimönnum og öðrum sem hrakist hafa frá Sýrlandi.

Seif sagði blaðamönnum í Doha í gær að á annan tug lykilla stýddu áætlun hans, en tiltók ekki hvaða lönd það væru, né heldur af hverju hann teldi sig hafa stuðning þeirra.

Yfir 400 fulltrúar sækja ráðstefnuna, en á henni kys þjóðarráðið sér nýja stjórn, áður en kosið verður um áætlun Seifs á miðvikudag.

olikr@frettabladid.is

Takið vel á móti fermingarbörnunum



Þau safna fyrir
Hjálparstarf
kirkjunnar



Hjálparstarf
kirkjunnar

www.help.is



**EKKERT MSG!
ENGIN TRANSFITA!**

SETTU KRAFT Í ELDAMENNSKUNA

Það er sama hvort gera skal góðan pottrétt, sósu eða súpu þá er þægilegt að hafa fljótandi kraft frá Touch of Taste við matseldina.



BONUS

HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus

Skýrsla um kynferðisbrot og annað ofbeldi í kaþólsku kirkjunni:

Vöknuð, en heldur seint

Skýrsla óháðrar rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar á Íslandi um viðbrögð hennar við ásökunum um kynferðisbrot og annað ofbeldi innan kirkjunnar er á köflum skelfileg lesning.

Þótt nefndin taki fram að hlutverk hennar sé ekki að sannprófa frásagnir af brotum, leikur tæplega vafi á að kaþólskur prestur og skólastjóri Landakotsskóla og kennari við skólann hafi sitt í hvoru lagi og í sameiningu beitt börn í skólanum og í sumar- búdum kirkjunnar grófu kynferðislegu, líkamlegu og andlegu ofbeldi um áratugaskeið.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Stjórnendur og aðrir starfsmenn kirkjunnar brugðust þólend- um ofbeldisins. Þótt nefndin segi ekki hægt að álykta að reynt hafi verið að þagga kynferðisbrotin niður, liggur fyrir að margir starfsmenn kirkjunnar, þar með taldir allir biskupar hennar undan- farna áratugi, hafi gerzt sekir um vanrækslu með því að hafa ekki brugðist við og látið rannsaka áskanir um ofbeldið.

Sá ljóti veruleiki sem nú kemur upp á yfirborðið í kaþólsku kirkju- nni á sér margar hliðstæður. Viðlíka afhjúpanir hafa varpað rýrð á orðspor kaþólsku kirkjunnar víða um heim undanfarin ár. Hér á Íslandi er skemmst að minnast niðurstaðna sambærilegrar rann- sóknarnefndar, sem tók út viðbrögð þjóðkirkjunnar við ásökunum um kynferðisbrot á hendur fyrrverandi biskupi Íslands og taldi þeim stórlega ábótavant.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram að kynferðisbrot séu ekki algengari innan trúfélaga en annars staðar í samfélaginu. Hins vegar geti trúarsannfæring aukið og viðhaldið hættu á ofbeldi og afleiðingar ofbeldis sem beitt er í skjóli trúarbragða geti haft alvarlegri áhrif á þólandann en ella. Samfélagið geri ríkar kröfur til þess að starfshættir trúarsamfélags einkennist af kærleik, virðingu og skilningi og öll viðbrögð við ofbeldi byggist á fagmennsku, rétt- læti og sanngirni. Óhætt er að segja að skýrslan sýni fram á að á allt þetta hafi verulega skort í kaþólsku kirkjunni á Íslandi.

Þá dregur nefndin það skýrt fram að kirkjan brást of seint við umræðu um kynferðisbrot kirkjunnar manna. „Telja verður að kaþólska kirkjan á Íslandi hafi, um og eftir síðustu aldamót, haft fullt tilefni til að ræða mál um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og að setja sér skýrar reglur um forvarnir, fræðslu og viðbrögð við hugsanlegum ásökunum,“ segja nefndarmenn.

Skipan nefndarinnar, sem var falið að fá fram frásagnir af kyn- ferðisbrotum innan kirkjunnar og meta viðbrögð við þeim og jafn- fram gera tillögu til úrbóta, er að sjálfsögðu jákvætt skref. Pétur Bürcher, biskup kaþólskra, hefur enn fremur beðizt afsökunar fyrir hönd kirkjunnar og boðað að gripið verði til ráðstafana til að fyrir- byggja kynferðislega misnotkun innan kirkjunnar í framtíðinni.

Þetta eru rétt viðbrögð, en koma heldur seint. Erfitt er að verjast þeirri hugsun að koma hefði mátt í veg fyrir andstyggileg brot gegn börnum ef kirkjan hefði vaknað til vitundar fyrr.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Bíblían

BÓK BÓKANNA



www.forlagid.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ánægðir utanríkisráðherrar

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna héldu blaðamannafund á Norður- landaráðsþinginu í Helsinki í síðustu viku. Þar kom nýtt samkomulag um loftrýmisgæslu Finna og Svía hér á landi meðal annars til tals og var ekki annað að heyra á ráðherrunum en að þeir væru hæstánægðir með þetta nýja fyrirkomulag, sem sér frændþjóðum okkar fyrir kærkomnu æfingasvæði til hernaðarbrólts.

Rangur maður

Reyndar var einn sem var ekki ánægður. Í fjarveru Össurar Skarphéðins- sonar kom það


nefnilega í hlut Steingríms J. Sigfús- sonar atvinnuvegaráðherra að taka þátt í fundinum. Og hann svaraði spurningunni um loftrýmisgæsluna hreinskilnislega: „Ég er kannski ekki rétti maðurinn til að svara þessu. Ég og minn flokkur erum á móti aðild Íslands að NATO. Það er engin brýn þörf fyrir þessa loftrýmis- gæslu sem okkur býðst núna.“



Evu að kenna

Hæstaréttarlögmaðurinn Sigurður G. Guðjónsson skrifar í pistil á Pressuna um samkeppni í flugi. Sigurður, sem var lögmaður Iceland Express, telur að róðurinn hafi verið þungur fyrir félagið undanfarin ár af því að Pálma Haraldssyni hafi verið stefnt fyrir dóm í New York af slitastjórn Glitnis (sem hafi auðvitað verið runnið undan rifjum Evu Joly). Var það sem sagt Evu Joly og Steinunni Guð- bjartsdóttur að kenna að Iceland Express hóf Ameríkuflug sem félagið réð ekki við og leiddi til þess að vélarnar voru meira og minna seinar í tvö ár? Mikil er ábyrgð þeirra. stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Grundvallarbreytingar samþykktar á kvótakerfinu

Sjávar- útvegs mál



Kristinn H. Gunnarsson fv. alþingismaður

Þeir sem áhuga hafa er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1 í síma 552-5644 milli 9-15, eða senda tölvupóst á netfangið bumenn@bumenn.is

Lóland 9 í Garði

Til endurúthlutunar er búseturéttur í nýlegu parhúsi. Íbúðin er 4ra herbergja ásamt bílskúr. Íbúðin er um 105 fm og bílskúrin um 30 fm. Verð búseturéttarinn er um kr. 4 millj. og eru mánaðargjöldin um 122.000.-. Í mánaðargjöldunum er allt innifalið nema rafmagn.

Prestastígur 8 í Reykjavík

Til endurúthlutunar er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 94 fm. Íbúðin er á fjórðu hæð í fjöggra hæða fjölbýlishúsi. Í húsinu er lyfta og fylgir aðgangur að samkomuhúsi. Verð búseturéttarinn er um kr. 3.5 millj. og eru mánaðargjöldin um 133.000.-.

Stekkjargata 19 í Reykjanesbæ

Til endurúthlutunar er búseturéttur í parhúsi. Íbúðin er 3ja herbergja ásamt garðskála og bílskúr. Íbúðin er um 110 fm og bílskúrin um 25 fm. Verð búseturéttarinn er um kr. 4.7 millj. og eru mánaðargjöldin um 142.000.-. Í mánaðargjöldunum er allt innifalið nema rafmagn og hiti samkvæmt mæli.

Umsóknarfrestur er til 12. nóvember n.k.

Hægt er að fá nánari upplýsingum á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl. 9-15. Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar um íbúðirnar og aðrar íbúðir í sölumeðferð á heimasíðu Búmannna.

570 4800 GIMLI

Árni Stefánsson, viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.

Fasteignasala - Grensásvegur 13 - 2 hæð - 108 Reykjavík - Sími: 570 4800 - Fax: 570 4810 - gimli@gimli.is



TJARNASEL 3 - AUKA ÍBÚÐ
OPÍÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17:00 - 17:30. Glæsilegt 335 fm einbýlishús með 3ja herb íbúð á jarðhæð og tvöföldum bílskúr. Mikið endurnýjuð eign. Efri hæð: Stór stofa, borðstofa, sólskáli, eldhús, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpshol og 3-4 svefnherbergi. Neðri hæð: Björt stofa, nýlegar innréttingar, glæsilegt baðherbergi, þvottahús, geymsla og 2 svefnherbergi. Útgeymsla. Fallegur garður. Parket og flísar á gólfum. **LAUS STRAX. Verð 66 millj.**



LAUGAVEGUR 103 - 2 STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU
OPÍÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17:00 - 17:30. Glæsileg 136 fm 4ra herbergja íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi við Laugaveg. Eignin er nýlega uppgerð og er glæsileg í alla staði. Þrjú svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Fallegar innréttingar. Stór og björt stofa með stórum suðursvölum. Tvö bílastæði í bílageymslu og tvær geymslur. **LAUS STRAX. Verð 48. millj.**



KLEPPSVEGUR 122 - 4RA HERBERGJA
OPÍÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 6. NÓVEMBER FRÁ KL 17:30 - 18:00
Góð 4ra herbergja íbúð á 2.hæð í fallegu fjölbýli. Þrjú svefnherbergi. Eldhús með góðum innréttingum. Flísalagt baðherbergi með baðkarí. Björt stofa með suðursvölum. Sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús í kjallara. **LAUS STRAX. Verð 23 millj.**



VÖLVUFELL 26 - RAÐHÚS
OPÍÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17:30-18:00, SÖLUMÆÐUR VERÐUR Á STAÐNUM. Mjög gott raðhús á einni hæð auk bílskúrs. Stofa og borðstofa með útgengi í garð. Fjögur svefnherbergi. Nýstandsett baðherbergi. Þak nýlega yfirfarið. Góð aðkoma. Áhv. mjög hagstætt lán frá ILS kr. 21 millj. **Verð 29,9 millj.**



FURUGRUND 66 - 2JA HERBERGJA
Góð 2ja herbergja íbúð á 3.hæð við Furugrund 66 í Kópavogi. Svefnherbergi með skáp. Eldhús með eldri innréttingum. Flísalagt baðherbergi. Stór og björt stofa. Vestursvalir með fallegu útsýni. Gólfefni: Parket og flísar. **LAUS STRAX. Verð 15,2 millj.**



HÁTÚN - FRÁBÆRT ÚTSÝNI
Mjög góð 2ja herbergja íbúð á 7. hæð í lyftuhúsi með frábæru útsýni. Góð innrétting í eldhúsi. Stofa með útgengi á stórar svalir. Flísalagt baðherbergi. Þvottahús í íbúð. Laus strax. **Verð 19,9 millj.**

Traust þjónusta í 30 ár



Kristján Ólafsson hdl.
Lögg. fasteignasali
414-4488



Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
770-4040



Pizzastaður í Mjóddinni · 111 RVK

Gylfi og Höfuðborg fasteignamiðlun kynna frábært tækifæri til þess að hefja eigin rekstur. Um er að ræða pizzastað í Mjódd með nánast öllum tækjum. Húsnæðið er laust og hægt er að byrja strax.

Allar nánari upplýsingar veitir Gylfi í síma 770-4040

Fjárfestu í eigin atvinnu!

Höfuðborg fasteignamiðlun · Hlíðasmára 2, 4. hæð · 414-4488



Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

Fyrirtæki til sölu

Höfum fengið til sölumeðferðar rótgróið fyrirtæki miðsvæðis í Reykjavík sem sérhæft er í starfsemi myndvinnslu, prentun og framköllun. Fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði og með mikla vaxtarmöguleika. **Verðhugmynd 75 millj.**

Nánari upplýsingar á skrifstofu, eða runolfur@hofdi.is

Gamalt og rótgróið fyrirtæki á sviði bílaþjónustu (dekk. Bón o.fl.) vel staðsett í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Runolfur á Höfða, runolfur@hofdi.is

SAFT

GERÐU
SAMKOMULAG
VIÐ BARNIÐ
UM NETNOTKUN
Á HEIMILINU



Heimili og skóli
Landmannahverfi
www.saft.is

Boltinn á Xínu 977

- alla virka daga
kl. 11 - 12



**FYRIR
AÐSTOÐ
INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002



**Blaðberinn
bíður þín**

Þú færð Blaðberinn þinn í
Skaftahlíð 24, alla virka daga
frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



Vistlin þú á 3...
börn eiga
RÉTTA
HEILBRÍGAUM
LÖNNUM

Búseti auglýsir eftirfarandi búseturétti

Umsóknarfrestur til og með 13. nóvember kl. 16:00
Úthlutun 14. nóvember kl. 12:00

BÚSETI

Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar



Frostafold 20 íbúð 504
112 Reykjavík
2. herb. 62,1 m²
Afhending: Sem fyrst
Búseturéttur hámark: 2.676.764,-
Búseturéttur lágmark: 1.492.450,-
Búsetugjald: 70.267,-
ATH: Íbúð með tekjumarki



Frostafold 20 íbúð 703
112 Reykjavík
2. herb. 62,0 m²
Afhending: Lok nóvember
Búseturéttur hámark: 1.996.131,-
Búseturéttur lágmark: 1.112.958,-
Búsetugjald: 72.141,-
ATH: Íbúð með tekjumarki



Kristnibraut 61 íbúð 203
113 Reykjavík
4. herb. 108,0 m²
Afhending: Skv. samkomulagi
Búseturéttur hámark: 3.812.507,-
Búseturéttur lágmark: 2.165.763,-
Búsetugjald: 146.888,-



Þverholt 15 íbúð 203
270 Mosfellsbæ
4 herb. 100,2 m²
Afhending: 1. desember
Búseturéttur hámark: 3.296.718,-
Búseturéttur lágmark: 1.870.285,-
Búsetugjald: 159.732,-

93,9%
mæla með Búseta

Samkvæmt þjónustukönnun
Capacent mæla 94% íbúa
með félaginu við vini
og fjölskyldumeðlimi

“Þriðja leiðin”
á húsnæðismarkaðnum
Hafðu samband eða
farðu á www.buseti.is
og kynntu þér málið!

Fyrirvari um prentvillur og mögulegar breytingar á verði - ofangreindir þættir taka mið af samþykktum félagsins og reglum
Búseti húsnæðissamvinnufélag • Síðumúli 10 • 108 Reykjavík • s:520 5788 • www.buseti.is • buseti@buseti.is

HÚSAVÍK
FASTEIGNASALA
Borgartúni 29 • Sími: 510 3800
husavik@husavik.net • www.husavik.net



Halla Hallgrímsdóttir
sölustjóri • gsm 856 1601



OPIÐ HÚS

VÆTTABORGIR 64

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 5 NOVEMBER MILLI 17.30-18.00.

Fallegt og vel skipulagt raðhús með fallegu útsýni á þessum fjölskylduvæna stað í Grafavogi, grunnskóli, menntaskóli og góð íþróttastaða í hverfinu. Húsið er alls um 240 fm á tveimur hæðum. fallegu útsýni til norðurs. Gengið er inn á efri hæð hússins sem rúmar eldhús, borðstofu, stofu allt í einu opnu fallegu rými. Á efri hæð hússins er einnig rúmgott forstofuherbergi og bílskúr. Í suður er sólrík verönd með fallegum gróðri allt í kring og einnig er útgengt á svalir í norður með fallegu útsýni. Neðri hæð hússins er með 3 rúmgóðum svefnherbergjum, þvottahúsi, vinnurými og geymslu. Tvö baðherbergi eru á hæðinni og er annað eingöngu með aðgengi frá hjónaherbergi. Fataherbergi og hjónabaðherbergi (spa) er nýstandsett, setlaug og tveir sturtuhausar, falleg innrétting er á baðherberginu. Fallegt og skemmtilegt rými fyrir hjónin. **Allar nánari upplýsingar veitir Halla Hallgrímsdóttir gsm 856 1601 eða halla@husavik.net**

Löggildur fasteignasali er Elías Haraldsson

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Gjáhella – Atvh. – Hf. – Hagstætt verð



Nýkomin nokkur bil í þessu vandaða atvinnuhúsnæði. Um er að ræða 120 fm. Grunnflötur auk 120 fm. Steypt milliloft, samtals 240 fm. Mikil lofthæð og innkeyrsludyr. Malblikuð lóð. **Verð 14,9 millj.**

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

SPORT

UMRÆÐAN

ÚTVARP

LÍFIÐ

SJÓNVARP

MEIRA SKÚBB

vísir
- oft á dag



BÍLAR & FARARTÆKI



www.bilahollin.is



BMW X3 3.0d. Árgerð 2006, ekinn 96 þ.KM, dísel, sjálfstýrtur. Verð 4.250.Mj-g fallgur og vel með farinn. Rnr.112832.

Bilahöllin
Bíldhöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
Mikið úrval bíla með
möguleika á allt að 90% láni.
www.bilahollin.is



SUBARU Legacy. Árgerð 2004, ekinn 112 þ.KM, bensín, sjálfstýrtur. Verð 2.590.000. Rnr.110094.



SUBARU Legacy. Árgerð 2007, ekinn 82 þ.KM, bensín, sjálfstýrtur. Verð 2.590.000. Rnr.100101. VERÐ NÚ kr: 1.990.000,-



TOYOTA Land cruiser 120 gx. Árgerð 2004, ekinn 182 þ.KM, dísel, sjálfstýrtur. Verð 3.250.000. Rnr.110706.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



Skráðu bílinn frítt hjá okkur



Skráðu bílinn frítt hjá okkur

VILTU KAUPA EÐA SELJA!! Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999. Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kiktu á www.100bilar.is

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og
laugardögum 12-16.
www.100bilar.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

Bílar til sölu



Skoda Fabia árg. 2007 til sölu. Uppl. í síma 896 4423



Toyota Hilux D/C. Nýskr. 5/2006. Ek 88 þ.km. 2,5 Dísel. Bsk. 31" Pallhús, klæðning. Áhvil. 1.260 þús. Verð 2.590 þús. Uppl. í s. 693-9513



Fjór hjóladrífisbíl - Mercedes Bens TE300 4matic. Árgerð 1994, ekinn 270.000 km. Verð 780.000 kr. Sími 898 7820.



Kletthálsi 15 • Sími 578 5252

Bílar óskast

!!! 0-250 PÚS STAÐGREITT !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

0-250 staðgreitt
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

Sendibílar



KEYRSLA.IS
Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækiþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vinnuvélar



Bílaflytur- Dekkjavélar
Tveggja pósta bílaflytur 3,5T og 3,8T, höfum einnig dekkjavélar á tilboðsverði á lager. O.K.Varahlutir ehf S:696-1050. okspares@simnet.is



Eigum til á lager þýska snjóblásara Topplausnir smíðjuvegi 40 s: 6967718.



Hjólbarðar



Dekkjavélar
TILBOD Á Affelgunar og Ballancevélum. Minnum einnig á varahlutaþjónustu fyrir vörubíla og vinnuvélar S: 696-1050 okspares@simnet.is

Varahlutir



Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum. Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

Smápartar.is
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. '97 til '02, Skoda Octavia árg. '00 til '07, Honda CR-V árg. '05.W Polo '07 Passat '01. Suzuki Baleno árg. '00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

VW - Skoda - Varahlutir
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúð, Kaplahrauni 11 220 hj. S. 534 1045.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Octavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diskar og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Viðgerðir

AB Bremsur og viðgerðir
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

AB - PÚST
Almennar pústviðgerðir og sérsníð. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.



Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

Hreingerningar

Hreingerningaráttendaþjónusta Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja



GARDLIST
ÞAÐ ER BJART FRAMUNDAN
SELJUM OG SETJUM UPP JÓLASERIJUR FYRIR HEIMILL, HÚSFÉLÖG OG FYRIRTÆKI
HAFÐU SAMBAND
554 1989

HreininGardar
Jólaskreytingar
Við seljum og setjum upp jólaskreytingar
www.hreiningardar.is
S.571-2000

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Málaraar

Málarameistari
Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Tilboð eða tímavinna. S. 697-3592.

Málningarpjónusta Reykjavíkur
20% afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Alhliða málningarpjónusta. S. 778 0100.

Getum bætt við okkur inni- og úti verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Málarameistari
Tek að mér alla almenna málningavinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

Tölvur
A plús tölvuþjónusta
Mjög sanngjarnt verð Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

Nudd
NUDD NUDD NUDD Slökunarmudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

Húsaviðhald



Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis

Múraraar, málaraar, háþrýstipottur, smíðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is



Smíðum eftir máli
Hurðir & Gluggar
www.hurdiroggluggar.is
Kaplahrauni 17 - Hafnarfirði
S: 565 4123 - eljo@internet.is

PVC - U PLAST GLUGGAR & HURÐIR ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Selhelli 13 - Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• mörviðgerðir • þakviðgerðir
• málningavinnu • trésmíðavinnu • pípuþjónusta • rafhlagnir • flísahlagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is



Parketslipun, parketlagning, frá aðeins 2.500 kr/fm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísahlagnir. Vönduð vinnu. Tilb./tímav. S. 899-4254.

Viðhald fasteigna.
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf - parket. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Spádómar



Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Draumar
Tarot
Opíð alla virka daga

SPÁ FRÁ BREKKUKOTTI SPÁMIDILL
-SPÁ Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGIÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

Spásíminn 903 3090
Ertu á tímamótum? Hvað viltu vita? Tarot og spilalestur. Trúnaður.

Spásíminn 908 5666
Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.
Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFVIKJUN S. 896 6025
Tilboð raflagnir, töfluskripti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Önnur þjónusta

Blekhyliki.is
Blekhyliki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyliki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu

Ódýr heimilstæki
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.



Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.
Úrval af saltkristalslökkum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkerum, slökunargeislaskúms, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Ópið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is

VERSLUNARTÆKNI
Lítið notaður Rafmagnslyftari

TILBOÐSVERÐ
1.890.000,-

Lyftigetna 2,5 tonn
Lyftihæð 4,8 m - þrífalt mastur
WWW.verslun.is
Pontunarsími 535 1300



Lok á heita potta og hitaveituskeljar.
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarþarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitipottar.is Sími 777 2000

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

JS LJÓSAÞMIÐJAN
Skemmuvegur 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Ópið virka daga 8-18 og lau 10-16.

Óskast keypt

Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvisun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2,
220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiðið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til efl/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

MIKALOR

Ryðfriar hosuklemmur á frábæru verði.

ÁSAFL EHF
Hjallahraun 2 - 220 Hfj. s. 562 3833
www.asafl.is - asafl@asafl.is



Caroliner réttingarbekkur með mælitækjum, TILBOÐ ÓSKAST. Uppl. s. 899 9114

Til bygginga



Harðviður til húsaþbygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is Lokað frá 12. nóv.-30. nóv. 2012.

Vatnskæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Upplhjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Verslun

ÚTSALA Á KAMÍNUM

25% afsláttur

Littu við í verslun okkar eða kynntu þér úrvalið á heimasíðunni:
www.normx.is



Kynlíf er GOTT!

PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS

849-0698
ALLA DAGA 10-22

HEILSA

Heilsuvörur

Sjálfsteiðir dreifingaraðilar Forever Living Products.

Bætum heilsuna með hreina Aloe Vera drykknum, sem eflir ónæmiskerfið. Hlíf og Magnús 8228244 - 8228245 www.flp1.is

Árangur næst með Herbalife. Fritt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vigsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

NUDD OG HEILSA
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Ópið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vígúfsson.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæluðyr velkomin.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Íbúð í Vesturbæ
2ja herb. íbúð í V.bæ RVK til leigu. Nálægt Háskólanum. Reyklaust og reglusamt fólk. Laus strax. Uppl. í S: 894 4412

Atvinnuhúsnæði

51,6 m2 iðnaðarbil
Nokkur bíl af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

Vélaverkstæði í RVK óskar eftir vélvirkja eða vönum manni Til viðgerðar á Diesel vélum. Góð vinnuástaða í boði. Upplýsingar hjá: velaverkstaeði@gmail.com.

Yfirvélstjóra vantar á Sæfara Á.R. vélarstærð 465 kw. Uppl. í s. 852 3233



Vélstjóri - Grettir BA
Þörungaverksmiðjan ehf. óskar eftir að ráða vélstjóra á Gretti BA.

Umsækjendur þurfa að hafa VS-3 réttindi. Helstu verkefni Grettis er öflun og flutningur hráefnis fyrir verksmiðju fyrirtækisins á Reykhólum. Starfið stendur báðum kynjum til boða.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ari Eyberg hjá Intellecta (ari@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.



Tapasbarinn óskar eftir hressum og skemmtilegum þjónum, reynsla æskileg en ekki skilyrði, aðeins tekið við umsóknum á staðnum alla daga milli 13:00 OG 18:00 Tapasbarinn, Vesturgata 3b.

Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Einholt - Þverholt
Tillaga um nýtt deiliskipulag á reitnum Einholt- Þverholt sem afmarkast af Einholti, Háteigsvegi, Þverholti og Stórholti. Tillagan felur í sér uppbyggingu íbúða á suðurhluta reitsins. Afmörkun er um miðlinu gatna. Til austurs og suðurs er íbúðabyggð en til vesturs og norðurs er blönduð byggð, íbúðir og þjónusta. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúðabyggðar á 3 – 5 hæðum á suðurhluta reits en norðurhluti reits er að mestu óbreyttur. Á suðurhluta reits er gert ráð fyrir fjölbreyttum gerðum íbúða og bílgeymslum á tveimur hæðum í kjallara. Áætlaður fjöldi íbúða er 200 -235. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillaga liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 5. nóvember 2012 til og með 17. desember 2012. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 17. desember 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykka tillöguna.

Reykjavík 5. nóvember 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNSENDIR 411 3071

Atvinna óskast

Vantar þig Smíði, múrara eða járnbindingamenn?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Getu hafið störf nú þegar.
Starfsmannafjónustan S. 661 7000.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt fritt í s. 555-4321
Karlar auglýsa fritt, 535-9922

Heitar kynisögur
905-2002 • 535-9930
Símadómur • Live spjall
908-6000 • 535-9999

krossgáta

1	2	3	4	5
6	7	8		
9		10	11	
12		13		
	14			15
16		17		
18		19	20	
21				

LÁRÉTT

2. hvetja, 6. frá, 8. hækkar, 9. skarð, 11. ekki, 12. þrykk, 14. kárna, 16. í röð, 17. fljótfaerni, 18. hjör, 20. í röð, 21. útmá.

LÓÐRÉTT

1. kast, 3. tveir eins, 4. ríki í Suðaustur-Asíu, 5. flýtir, 7. forskot, 10. heldur brott, 13. lík, 15. hófdýr, 16. vætla, 19. tvö þúsund.

LAUSN

16. íla, 19. mm.
LÓÐRÉTT: 1. varp, 3. rí, 4. vétnam, 5. ras, 18. lóm, 20. mn, 21. átmá.
LÁRÉTT: 2. örva, 6. af, 8. rís, 9. rof, 11. ei, 12. pren, 14. gána, 16. í, 17.

Þegar lífið skemmir mýtuna

BAKÞANKAR
Jóns
Sigurðar
Eyjólfssonar

Í síðasta mánuði streymdu Spánverjar út á stræti og torg stærstu borga þegar þjóðþingið kom saman. Mótmæltu þeir kröftuglega þeim ójöfnuði sem sú stofnun viðheldur meðan stjórnariðar leggja lífsneista landsmanna að veði til að láta ljósið lifa í löngu framliðnum bankaræflum.

JOSÉ Manuel García Margallo utanríkisráðherra var í Brussel meðan á þessu stóð og svaraði með föðurlegri depurð að þessi skríslæti væru hin verstu tíðindi. Hann virtist þó ekki miður sín vegna þeirra fjölmörgu sem komu laskaðir frá þessum leik heldur vegna þess álítnekkis sem Spánn hlyti af þessu. „Þetta er slæmt fyrir ímynd Spánar út á við.“

láti óánægju sína í ljós eða leyfi sér að efast um að topparnir séu fullkomnir.

HEILL haugur fólks er ráðinn til starfa til að halda firrandi hugmyndum á lofti um fyrirtæki og stjórn málaöfl. Þegar ég starfaði sem blaðamaður leiddist mér mjög hvernig stórfyrirtæki meinuðu mér nær alltaf að tala við lægst setta vinnufólkið sitt, sem kunnir ekki biblíusögurnar sem málpípurar tuggðu í okkur fjölmíðlammenn. Einu sinni var ég að fjalla um ástand útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og leitaði til eins stórfyrirtækis, þar sem starfsmannastjóri var látinn hafa til fyrir mig viðmælendur. Annar þeirra var Svíi og hinn hálfur Íslendingur. Það átti greinilega ekki að láta neina launalitla ding-donga skemma fyrirtækjamýtuna.

PAD væri nú að bera í bakkafullan lækinn að minnst þess hvernig við Íslendingar gerðum okkur ekki fíflum með þessum ímyndarleik þar sem pappadrengrir báru lygahróður um hina hugdjörfu víkinga. Svo kemur veruleikinn sjálfur, svo kaldur og grímulaus, einn daginn og bankar upp á. Þá er alveg sama hversu sminkið er þykkt og fagurt, bindið dýrt og tungan lipur í lyginni. Það er nefnilega þá sem í ljós kemur úr hverju maðurinn er gerður. Og það var fyrst þá, þegar kaldur veruleikinn kýlði úr okkur hrokann og sjálfsblekkinguna, sem við fórum að geta okkur orðstír sem alvöru þjóð.



ÉG PEKKI þennan frasa frá mínum heimahögum en ég vona þó að hann sé farinn að láta í minni pokann fyrir háleitari hugmyndum. Þessi hégómlegi leikur sem snýst um að halda einhverri sérstakri ímynd um fyrirmyndarríki endar yfirleitt svo kjánalega þegar grímulaus veruleikinn knýr dyra.

VIÐ Íslendingar höfum ekki verið neindir eftirbátar í þessum ímyndarleik. Stjórnmalamenn og stjórnendur stórfyrirtæka virðast enn vera firrtir af hugmyndum gömlu einræðisherranna og mega hreinlega ekki til þess vita að einhver í þeirra liði

www.jolagestir.is

Góa og Fjarðarkaup kynna með stolti

Jólagestir

Björgvins 2012

Miðasala á Miði.is og í síma 540 9800

þökkum frábærar viðtökur! Miðasala hafin á aukatónleika

myndasögur

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Um minni og gleysku

Bækur ★★★★★

Siglingin um síkin

Álfur Gunnlaugsdóttir

Mál og menning

Í Siglingunni um síkin tekur Álfur Gunnlaugsdóttir til meðhöndlunar efni sem furðu sjaldan er fjallað um í íslenskum bókmenntum. Hvernig það er að eldast og glata andlegum þrótti, hvernig það er að þurfa að sættast við ævi sína á lokametrunum, hvernig það er að vera „upp á aðra komin“ en þrá að halda reisin sinni.

Gyðríður (sem til allrar hamingju er kölluð Gyða) er komin á efri ár og býr hjá Sölva syni sínum í Reykjavík á dögum búsáhalda-byltingarinnar. Gyða býður þess að Sölvi finni fyrir sig íbúð í stað einbýlishússins sem hann aðstoðaði hana við að selja, en einhver tregða virðist vera í þeim málum, enda þjóðfélagsástandið ekki til að hrópa húrta fyrir. Kólumbíska húshjálpin Elena er nokkurs konar gæslukona Gyðu, en ferðafrelsi hennar er takmarkað, þó að í fyrstu átti hvorki hún sjálf né lesendur sig á ástæðum þess.

Gyða íhugar lífshlaup sitt meðfram því sem hún reynir að henda reiður á aðstæðum sínum. Hvers vegna fóru hlutirnir eins og þeir fóru? er líklega algeng spurning við ævilok og Gyða siglir um síki minninganna í von um að finna svör.

Sagan gerist á nokkrum tímasviðum, en sögukona rifjar upp ævi sína frá því að hún er lítil stúlka þar til hún eignast mann og börn og lesendur fá að fylgjast með því hvernig líf hennar hefur þróast. Ekki er alltaf ljóst hvað er draumur og hvað veruleiki, fortíð eða nútíð. Sumt er horfið úr minninu, annað situr þar fast og enn annað hefur hugurinn búið til. Minningarnar koma víst ekki eftir pöntun, fremur en atburðir lífsins sjálfs. Margt fer öðruvísi en ætlað er og sumt er fjandanum erfiðara að sætta sig við. Gyða hefur glatað sambandi við Svölu dóttur sína og skrifar henni bréf í von um að bæta úr því, en veit ekki hvert hún á að senda þau. Ónundur, maður úr fortíðinni, skýtur upp kollinum og við endurnýjun þeirra kynna raðar Gyða saman brotum úr ævi sinni og leggur á hana mat:

Líkast til er söknuður sterkasta tilfinningin sem fylgir manni ævina út, fyrir utan ástina... þótt oftast sé hún í fylgd með söknuðinum. Maður er alltaf að kveðja, beint eða óbeint, og eftir situr tregi sem setur mark sitt á mann. (162)

Siglingin um síkin fjallar um gamla konu, en textinn er síngur og sprækur. Gyða er eftirminnileg sögukona, einmitt vegna þess að hún er breysk og hún situr ekki á friðarstóli ellinnar, heldur horfist í augu við mistök sín, gömul og ný.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

Niðurstaða: Snjöll saga um elli, eftirsjá og misáreiðanlegar minningar. Skrifuð af innsæi og listfengi.

Erótíska bylgjan heldur áfram

Bylgja erótískra bókmennta, sem bækur á borð við 50 gráa skugga hafa hrundið af stað, heldur áfram undir merkjum Crossfire-bálksins eftir bandaríska höfundinn Sylviu Day.

Day hefur gefið út þrjár bækur í Crossfire-þrileiknum, sem eiga það sameiginlegt með 50 gráum skuggum að fjalla um samskipti hrjáðs auðmanns og fagurrar konu og er barmafull af bersöglum kynlíflýsingum. Fyrsta bókin, Bared to You, sló í gegn þegar hún kom út í apríl. Day gaf hana sjálf út en útgáfurisinn var fljótur að tryggja sér útgáfuréttinn og hefur engin bók í sögu forlagsins selst jafn hratt í Bretlandi.

Önnur bókin, Reflected in You, sem kom út í rafútgáfu í byrjun október, seldist í 286 þúsund eintökum í Bandaríkjunum fyrstu

vikuna eftir útgáfu og hefur trónað á toppi breska Amazonlistans nær allan mánuðinn. Bókin kom út í kilju í Bretlandi 23. október og seldist í tæplega 83 þúsund eintökum fyrstu vikuna. Aðeins tvær kiljur hafa selst í fleiri eintökum á einni viku í Bretlandi; Casual Vacancy eftir J.K. Rowling og Týnda táknið eftir Dan Brown. Day á þó nokkuð í land með að ná sölutölum E.L. James en skuggabálkur hennar hefur selst í tugum milljóna. Þriðja bókin í Crossfire-bálkinum, Entwined in You, er væntanleg á næsta ári.

SYLVIA DAY Crossfire, erótískur skáldsagnabálkur hennar, tröllríður nú metsölulistum vestan hafs og í Bretlandi.

NORDICPHOTOS/AFP



HJÁ AÐALSKOÐUN ER BÍLLINN Í GÓÐUM HÖNDUM HVAR HENTAR ÞÉR AÐ LÁTA SKOÐA?

Við erum með fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og eina í Reykjanesbæ. Paulreyndir og þjónustuliprir fagmenn taka á móti þér á þeim öllum.

Yfirleitt er mest að gera hjá okkur í lok mánaðar og meira að gera síðdegis en að morgni. **Það getur því verið sniðugt að vera snemma í því.**

Hlökkum til að sjá þig! Opið kl. 8-17 virka daga.



Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 18 ár

Aðalskoðun

Reykjavík
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallhrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanesbær
Holtsstötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is

★★★★★

Dirty Projectors

Listasafnið

Æðislega skrítið

Dirty Projectors frá New York vakti athygli tónlistarunnenda árið 2009 með plötu sinni *Bitte Orca*, sem komst ofarlega á árslista margra gagnrýnenda. Hljómsveitinni stóð til boða að spila á Airwaves árið 2008 en ekkert varð af því og því var hún fljót að stökkva á tækifærið að taka þátt í ár.

Dirty Projectors spilar tilraunakennt popp/rokk þar sem leikandi gítar fær að njóta sín. Þrjár hljómfagar kvenraddir setja svo sterkan svip á lögin. Þessi sex manna hljómsveit spilaði alls tólf lög á tónleikunum og mörg þeirra voru einmitt af *Bitte Orca*. Einnig spiluðu þau lög af nýju plötunni, *Swing to Magellan*, þar á meðal hið þrýðilega *About to Die*.

Stundum virkaði sem lítið væri í gangi í lögunum en allt í einu tóku þau mikinn kipp og allt small saman í háværi en mjög svo heillandi hljóðbendu. Lokalagið var einmitt gott dæmi um þetta. Magnaður lokahnykkur á frábærum tónleikum. -fb



ROKKADIR Aðdáendum Diiv fjölgaði til muna á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/KLARA

★★★★★

Diiv

lðnó

Ekta rokkarar

Það var erfitt að vera á tónleikum ungu rokkaranna án þess að detta inn í tónlistina, enda varla manneskja í salnum sem ekki tók undir með fótastappi, hnébeygjum eða höfuðrykkingum. Fjórmenningarnir taka rokkaraimyndina alla leið og voru gítarleikarnir til að mynda duglegir að sveifla til síðu hárinu á meðan þeir spiluðu. Það voru litlu hlutirnir sem gerðu það að verkum að ekki aðeins buðu þeir upp á stórgóða tónlist heldur líka ekta upplifun. Þeir voru suddasvalir frá upphafi til enda og áttu greinilega fjölda aðdáenda í salnum, sem urðu án efa enn fleiri eftir að tónleikunum lauk. Að minnsta kosti má telja undirritaða sem nýjan meðlim í aðdáendahópnum. -trs

★★★★★

Shiko Shiko

Kaldalón í Hörpu

Ofvirkir fransmenn

Skemmtilegustu tónleikarnir á Airwaves eru oft með hljómsveitum sem maður þekkir lítið sem ekkert. Maður mætir með opinn huga en engar sérstakar væntingar og svo gerist galdurinn og maður kolfellur. Þannig voru tónleikar frönsku hljómsveitarinnar Shiko Shiko í Kaldalónsal Hörpu á föstudagskvöldið.

Shiko Shiko spilar einhvers konar furðupönk, hratt og hrátt, en líka fullt af óvæntum hljóðum, taktbreytingum og sprelli. Auk hefðbundinna rokk-hljóðfæra nota þeir synta og tölvu. Á sviði var þetta mjög leikrænt hjá þeim, bassaleikarinn spilaði alla tónleikana með grímu og söngvarinn og gítarleikarinn ærsluðust um allt svið, óðu út í sal, upp á hátalara og hömuðust sem vitstola væru. Þetta hljómar kannski eins og einhver tilgerð, en tónlistin var líka mjög flott og vel spiluð. Sætin í Kaldalóni eru mjög þægileg (stundum of þægileg, ef maður er vansvefta), en Shiko Shiko rifu alla tónleikagesti á fætur. Magnaður andskoti! -tj



LÁTLAUS OG POTTÞÉTTUR Stemmningin á tónleikum Ásgeirs Trausta var ótrúleg, í einu orði sagt. Gestir sungu með og dönsuðu og sumir höfðu á orði að tónleikarnir væru það besta sem þeir hefðu upplifað á ævi sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

RAFMAGNAÐUR

★★★★★

Ásgeir Trausti

Norðurljós í Hörpu

„Þetta var besta upplifun lífs míns,“ heyrði undirrituð einn áhorfenda segja að loknum tónleikum Ásgeirs Trausta á laugardagskvöldið. Sá hinn sami var örugglega ekki einn um þá skoðun, enda var Norðurljósasalur stappfullur og vel það þegar einn vinsælasti söngvari

landsins steig á svið við gríðarleg fagnaðarlæti. Mikil stemming var í salnum og áhorfendur sungu með og dilluðu sér við ljúfa tóna.

Hann Ásgeir Trausti þarf enga utanaðkomandi aðstoð til að búa til frábæra tónleika. Enga litríka búninga, brjáláða sviðsframkomu eða

fyndna brandara milli laga. Umvafinn góðum hljóðfæraleikurum er töfrandi rödd Ásgeirs leyndamálið á bak við velgengnina, enda tók allur salurinn undir er Ásgeir lék lagið *Leyndarmál* og lauk þar með einstökum tónleikum á Airwaves. -áp



FRÁBÆRIR Guðfinnur Sveinsson og Kjartan Dagur Hólm, liðsmenn For a Minor Reflection, slógu ásamt öðrum í bandinu í gegn í Norðurljósasal Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/KLARA

Flugeldasýning

★★★★★

For a Minor Reflection

Norðurljós í Hörpu

Það var hreinn unaður að fylgjast með strákunum á sviði, allir sprengfullir af hæfileikum og krafti. Eðaltónlistin sem þeir buðu upp á kom blóðinu heldur betur á hreyfingu og samspilið á milli gítarleikaranna tveggja, Kjartans og Guðsteins, var því líkt að á köflum var eins og þeim væri stjórnað af sama heilanum. Báðir voru þeir með myndbandsupptökuvélar fastar á

gíturunum sínum og eflaust áhugavert að skoða myndböndin úr þeim þar sem gítararnir voru á fleygiferð alla tónleikana. Hrikalega góðir og enn eitt dæmi um þá gríðarlegu hæfileika sem við eigum hér á litlu eyjunni okkar lengst í norðri. Flugeldasýning út í gegn sem uppskar heiðarlega tilraun til upplapps. -trs

★★★★★

The Vintage Caravan

Gamli Gaukurinn

Blæðandi bassafingur

Rokktríóið The Vintage Caravan gaf nýverið út sína aðra plötu, *Voyage*, sem hefur fengið góðar viðtökur.

Hljómsveitin spilar hressst rokk af gamla skólanum sem minnir stundum á sveitir á borð við Wolfmother.

Keysrslan var sett á fullt strax í byrjun og svo mikil var hún að fljótt fór að blæða úr fingrum bassaleikarans Alexanders Arnar Númasonar. Forsprakinn síðhærði, Óskar Logi Ágústsson, stal annars senunni með frábærum söng- og gítarleik og flottri sviðsframkomu. Stemmningin í salnum var fantagóð, enda ekki annað hægt þegar um svo skemmtilega hljómsveit er að ræða. -fb

★★★★★

Siinai

Kaldalón í Hörpu

Orkuver í Kaldalóni

Finnska hljómsveitin Siinai er þekkt fyrir kraftmikla nýproggdónlist, en fyrsta platan þeirra, *Olympic Games*, var tilnefnd til Nordic Music Prize í fyrra. Þeir spiluðu efni af henni á tónleikunum í Kaldalóni á laugardagskvöldið. Þetta er instrúmental tónlist. Þeir fóru rólega af stað, en svo juku þeir kraftinn og byggðu upp mikinn hljóðvegg. Flutningurinn var aflmikill, þeir hömrðu á hljóðfærin. Flestir tónleikagestir kunnu vel að meta þéttfönn og dýnamískan hávaðavegginn, en þó voru nokkrir sem þöldu ekki við og forðuðu sér. Flottir Finnar! -tj

★★★★★

Kiryama Family

Silfurberg í Hörpu

Hápunktur í lokin

Strákarnir í Kiriyama Family hafa verið vinsælir undanfarið enda hefur nýja platan þeirra hlotið góðar undirtektir. Tónleikarnir byrjuðu heldur brósuglega og voru sífelldar hljóðfæraskiptingar hljómsveitarmeðlima ruglingslegar fyrir undirritaða. Þegar þrír meðlimir sveitarinnar stóðu fremst, hver á sínu hljómborðinu, skapaðist hins vegar skemmtileg heild og sveitin minnti helst á Hot Chip. Tónleikar Kiriyama Family enduðu hins vegar með látum og síðustu tvö lögin voru frábær. Þá ber sérstaklega að hrósa saxófónleikaranum sem kom inn í síðasta laginu, en hann setti hressandi svip á tónleikana með skemmtilegri sviðsframkomu. -áp

★★★★★

Shearwater

Norðurljós í Hörpu

Of hátt og langt

Bandaríkjamennirnir byrjuðu vel en ekki leið á löngu þar til fólk byrjaði að streyma út úr salnum. Hvort það hafi verið vegna of mikils hávaða, of langs prógramms eða einfaldlega áhugalessis og vonbrigða skal ekki fullt um. Undirrituð vissi í það minnsta ekki alveg hvað hún ætti að gera við þetta allt saman og brá á það ráð að hlusta á tónlistina utan af ganginum þegar bassinn og lætin í salnum voru farin að valda eymsli í tönnum og almennri vanlíðan. Hæfileikar þessa góða bands skiluðu sér að minnsta kosti ekki til áheyranda í Hörpu þetta föstudagskvöldið og salurinn var nánast tómur undir lok tónleikanna, sem voru alltof langir. -trs

★★★★★

Rangeklods

Silfurberg í Hörpu

Fínt danskt flogakast

Danska bandið Rangeklods – listamannsnafn Espens Andersen – hljóp í skarðið fyrir skosku poppprokkarana í Django Django sem forfölluðust á laugardag vegna veikinda og gátu ekki spilað í Hörpu eins og til stóð. Rangeklods hafði spilað á Faktory á fimmtudagskvöldinu og lét sig ekki muna um að endurtaka leikinn í stórum Silfurbergssalnum tveimur dögum síðar. Andersen spilar dramatískt og flogavaldandi rafpopp með tripphopp-ívafi, drungalegt á köflum þangað til það springur með fáheyrðum látum og skarkala. Sjálfur syngur Andersen djúpri og góðri röddu yfir herlegheitin. Rangeklods eru ekki að fara að breyta heiminum en þetta var hið frambærilegasta prógramm. -sh

★★★★★

Kwes

Listasafnið

Ómarkvisst

Lundúnabúinn Kwes hefur unnið með listafólki á borð við The xx, Micachu og Hot Chip, en er nú að reyna fyrir sér með eigið efni. Honum til fulltingis í Listasafninu voru tvær stelpur, önnur spilaði á hljómborð og bassa, hin á trommur. Efniviðurinn var ekki slæmur, flottur hljóðheimur og taktar. Lagasmíðarnar virkuðu hins vegar ómarkvissar, nánast eins og þær væru sumar enn á vinnslustigi. Tæknilegir örðugleikar í upphafi bættu heldur ekki úr skák. Á heildina var þetta mjög slátt. Hefði kannski virkað eitthvað betur á minni stað. -tj

★★★★★

Friends

Listasafnið

Frábærlega öðruvísi

Ef lýsa á hljómsveitinni og sviðsframkomunni í einu orði væri það með orðinu öðruvísi. Þá er sama hvort talað er um tónlistina sem Friends spila, fatnaðinn sem meðlimirnir klæðast eða hegðun þeirra á sviðinu, það er allt öðruvísi við hljómsveitina Friends. Þau sanna það þó að öðruvísi þarf alls ekki að vera slæmt, því þau voru nefnilega frábær! Þau skiluðu af sér stórgóðum tónleikum, uppfullum af skemmtun og gæðatónlist og uppskárú gríðarleg fagnaðarlæti og stemningu í salnum alla tónleikana í gegn. Aðdáun þeirra á Íslandi og boð í eftirparty á hótélherberginu þeirra virtist heldur ekki leggjast illa í tónleikagesti. Hvort af partyinu hafi svo orðið er þó óvíst. -trs



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SIEMENS

„Heimilistækin mín eru frá Smith & Norland. Það kemur ekkert annað til greina.“

„Siemens-tækin eru margreynd á Íslandi. Þau eru fallega hönnuð, endingargóð og þægileg í notkun. Smith & Norland er eins og Siemens: traust fyrirtæki með mikla reynslu þar sem viðskiptavinurinn er í fyrirrúmi. Þannig vil ég hafa það.“

Örn Arnarson, íþrótta- og ökukennari, hefur keypt öll heimilistækin sín hjá Smith & Norland.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

midis.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁSBIÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

12 **PITCH PERFECT** 12 **SKYFALL** 7 **HOTEL TRANSYLVANIA**

SÝNINGAR Í 4K - KL: 7, 10 **FRÁBÆR GAMANMYND**

LAUGARÁSBIÓ Sýningartímar
 SKYFALL 7, 9, 10(P)
 PITCH PERFECT 8, 10, 15
 HOTEL TRANSYLVANIA 2D 6
 TEDDI 2D 6

UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ Í KRINGLUNNI

SKYFALL 007

MEÐ JENNIFER LAWRENCE UR HUNGER GAMES.

HÖRKU SPENNUTRYLLIR

14

ALFABAKKA

HOUSE AT THE END... KL. 5:50 - 8 - 10:20
 HOUSE AT THE END... VIP KL. 5:50 - 8 - 10:20
 FRANKENWEENIE KL. 6 - 8
 HOPE SPRINGS KL. 5:50 - 8 - 10:20
 END OF WATCH KL. 8 - 10:20
 LOOPER KL. 8 - 10
 THE CAMPAIGN KL. 6
 LAWLESS KL. 10:20
 BRAVE KL. 5:50

AKUREYRI

HOUSE AT THE END OF THE STREET KL. 8 - 10:20
 HOPE SPRINGS KL. 8
 END OF WATCH KL. 10:20

EGILSHÖLL

HOUSE AT THE END... KL. 5:40 - 8 - 10:20
 SKYFALL KL. 5 - 8 - 11
 END OF WATCH KL. 5:40 - 8 - 10:20
 HOPE SPRINGS KL. 5:40 - 8
 LOOPER KL. 10:20

KRINGLUNNI

UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ KRINGLUNNI

HOUSE AT THE END OF THE STREET KL. 11
 SKYFALL KL. 5 - 6 - 7 - 8 - 9 - 10
 HOPE SPRINGS KL. 5

KEFLAVÍK

HOUSE AT THE END OF THE STREET KL. 11
 SKYFALL KL. 8
 HOPE SPRINGS KL. 8
 END OF WATCH KL. 10:10

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5% **HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐLIS 5%

PITCH PERFECT KL. 5.30 - 8 - 10.30 12
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI KL. 3.40 - 5.50 - 8.7
SKYFALL KL. 5 - 8 - 10.10 12
SKYFALL LÚXUS KL. 5 - 8 12
TEDDI LANDKÖNNUBUR KL. 3.40 L
FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL KL. 3.30 L
TAKEN 2 KL. 10.10 16
DJÚPIÐ KL. 5.50 - 8 10

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS 5%
PITCH PERFECT KL. 8 - 10.30 12
HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI KL. 5.50 7
SKYFALL KL. 6 - 9 12
TAKEN 2 KL. 10.30 16
THE DEEP ENSKUR TEXTI KL. 5.50 10
LOVE IS ALL YOU NEED KL. 8 L / FULL CIRCLE KL. 6 10
DEAR ENEMY KL. 8 L / FLYING SWORDS KL. 10 14

BORGARBIÓ NÁNAR Á MIÐLIS
PITCH PERFECT KL. 8 - 10.10 12
SKYFALL KL. 5.20 - 8 - 10.40 12
DJÚPIÐ KL. 6 10

KINVERSK KVÍKMYNDAHÁTIÐ **HÁSKÓLABÍÓ 2.-8. NÓVEMBER** Dagskrá og miðasala á Midis.is

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



HJÁLMAR OG JIMI TENOR Sigurður Guðmundsson, meðlimur Hjálma, spilar hér á tónleikum þeirra á föstudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

★★★★★
Hjálmar/Jimi Tenor
 Silfurberg í Hörpu

Rokk úr óvæntri átt

Íslensk reggísveit og finnsk eltrópopp-goðsögn með saxófón. Þetta er blanda sem á ekki að virka en gerir það nú samt. Hjálmar hafa spilað með Jimi oft áður og gert með honum lag og hópnum virðist orðið líða nokkuð vel með þetta samstarf sitt. Finninn var í forgrunni í Hörpu á föstudag, spilaði og söng á sinn einstaka og dálítið einkennilega hátt og setti á svið eitt-hvað sem orðið „tónleikar“ nær ekki beint utan um. Þetta var sýning, hress en yfirgengileg. Skemmtilegast var eiginlega þegar allt saman leystist upp í hreint rokk á köflum – þungt og hrátt og merkilegt nokk fór það piltunum í Hjálmaum bara ljómandi vel að rokka aðeins. Góðum tónlistarmönnum er greinilega allt fært. -sh

★★★★★
Me and My Drummer
 Silfurberg í Hörpu

Kraftmikið þýskt rafpopp

Þýski dúettinn Me and My Drummer var fyrstur á sviði í Silfurbergi á föstudagskvöldið. Söngkonan Charlotte og trommarinn og bakróddin Matz byrjuðu tónleikana af krafti. Það er eitthvað mjög hressandi við kraftmikla rödd söngkonunnar, sem á köflum minnti á Annie Lennox og dúettinn sjálfur á Eurythmics, en tónar sveitarinnar eru stundum í anda níunda áratugarins. Hápunkturinn var þegar dúettinn tók sitt þekktasta lag, You're A Runner, og eignaðist fyrir vikið ansi marga nýja aðdáendur meðal stundvísra áhorfenda. -áp

★★★★★
Valgeir Sigurðsson
 Iðnó

Öðruvísi stemning

Það er svolítið öðruvísi stemning á Bedroom Community-kvöldunum á Airwaves en á þessum dæmigerðu rokkkvöldum. Þegar ég kom í hús í Iðnó sátu margir á gólfinu og spjölluðu, eða voru eitthvað að grauta í lpadinum. Allt í ró. Valgeir spilaði nýju plötuna sína, Architecture of Loss, ásamt tveimur aðstoðarmönnum, Nadiú Sirota á víólu og Shahzad Ismaili sem lék meðal annars á slagverk og bassa. Sjálfur lék Valgeir á píanó ásamt því að stjórna tölvunni sem spilaði grunninn. Þetta er flott plata og það var gaman að fá lífandi flutning á henni, þó að tónleikarnir hafi kannski ekki bætt mjög miklu við tónlistina. Tónleikagestir hlustuðu með andakt, en svo braust út mikill fögnuður þegar flutningi var lokið. -tj

★★★★★
The Vaccines
 Listasafnið

Grípandi rokk

Eftirvæntingin eftir tónleikum The Vaccines í Listasafni Reykjavíkur var mikil, enda hefur hljómsveitin slegið í gegn í heimalandi sínu og víðar með melódísku rokki sínu. Ekki dró það úr eftirvæntingunni að bassaleikarinn Árni Hjörvar Árnason er íslenskur og hafði hann endurskirt hljómsveitina Bóluefnin fyrir tónleikana. Sveitin hóf leik með hinu hressilega No Hope af nýjustu plötu sinni og frá byrjun var ljóst að þarna voru fagmenn á ferðinni, þrælvanir tónleikahaldi eftir mikla spilamennsku að undanfögnu. Bóluefnin spiluðu öll sín bestu lög, þar á meðal Post Break-Up Sex og If You Wanna, og áttu auðvelt með að hrífa áhorfendur með sér. Árni Hjörvar talaði um hversu gaman væri að vera loksins kominn heim og öskraði svo „Eru ekki allir í stuð?“ eins og á alvöru íslensku sveitaballi. Einnig var gaman að fylgjast með söngvaranum Justin Young líðast um sviðið í sannkölluðum rokktransi. Rúsinan í pylsuendanum var flutningur á pönkslagara Vonbrigða, Ó Reykjavík. Árni Hjörvar tók við hljóðnemanum, Young fór á bassann og allt var sett á fullt. Árni lífði sig vel inn í sönginn og óð út í áhorfendaskarann en náði upp á svið í tæka tíð áður en lokatóninn var sleginn. Frábær endir á eftirminnilegum rokkónleikum. -fb

★★★★★
Half Moon Run
 Silfurberg í Hörpu

Heyrt þetta áður

Þrjú ungar strákar frá kanadíska borginni Montreal skipa indígrúppuna Half Moon Run. Þeir spila lágstemmt og hálfdraumkennt þjóðlagapopp sem er afskaplega kanadískt á að hlýða. Þetta eru flinkir hljóðfærleikarar – svo klínískir að það er eiginlega æpandi – og söngvarinn er ekkert minna en stórkostlegur. En það dugði ekki til að hífa vítameinlausar lagasmíðarnar upp úr meðalmennskunni í Hörpunni á föstudag. Það er hvergi nýr hljómur í katalóg Half Moon Run og þórrinn af áheyrendum virtist átta sig á því. -sh

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍDSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

MÁNUDAGUR: BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 18:00, 20:00, 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 3. HLUTI (L) 20:00 ■ PURGE (HREINSUN) (16) 20:00, 22:30 ■ 2 DAYS IN NEW YORK (L) 18:00, 22:00 ■ SUNDIÐ (L) 18:00 ■ HREINT HJARTA (L) 20:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFERE) (14) 17:30

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

Komdu inn í hlýjuna!

Úrval heilsudýnum, -koddum og dúnvörum!

Dorma-verð

Shape dýnur

Stærð cm.	Dýna	Með botni
80x200	58.900,-	83.900,-
90x200	65.900,-	97.900,-
120x200	85.900,-	121.900,-
140x200	99.900,-	143.900,-
160x200	114.900,-	163.900,-
180x200	129.900,-	181.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugi.



Aðeins kr.
14.477,-
í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

HJÓNA-
RÚM



12
Vaxtalaust
MÁNAÐA
AFBORGANIR

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkamanum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!



Silo svefnsófi með tungu.
Br. 228 cm Hæð 83 cm
Tunga 162 cm
Slitsterkt dökkgrátt áklæði
sem auðvelt er að þrifa.

★★★★★
SILO svefnsófi
kr. 159.000,-
Svefnsófi m.
tunga!

SVEFNSÓFI
NÝTT
FRÁBÆR
KAUPI!



Nature's Comfort Pillowtop

Dorma-verð

Nature's Comfort
Pillowtop

Stærð cm.	Dýna	Með botni
120x200	77.900,-	113.900,-
140x200	87.900,-	131.900,-
160x200	89.900,-	147.900,-
180x200	107.900,-	159.900,-

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugi.

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Heilsu- og hægindalag í yfirflýnu sem hægt er að taka af
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- Steyptar kantstyrkingar

Aðeins kr.
13.097,-
í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

DORMA-
VERÐ



Vandaðar dúnvörur í miklu úrvali!

DÚN-
SÆNGUR
GOTT VERÐ
OG DÚN-
KODDAR

TRÖLLAsængin
kr. 13.900,-

★★★★★

140x200 cm

HLÝ OG
MJÚK

Dorma dúnkoddi
kr. 3.900,-

★★★★★

50x70 cm

DÚNDUR
KAUP



Shape Comfort
kr. 4.900,-

★★★★★

Allhliða heilsukoddi

MJÚKUR

Heilsukoddar

Shape Classic
kr. 5.900,-

★★★★★

Otrúlega þægilegur

ÞÉTTUR

Shape Original
kr. 8.900,-

★★★★★

Veitir réttan stuðning

STUÐNINGS
LAG



OPIÐ

Holtagörðum

Virka daga frá kl. 10-18

Laugard. frá kl. 11-16

DORMA



– býður góða nótt

Pöntunarsími

☎ 512 6800

www.dorma.is



ALFRED FINNBOGASON skoraði sitt níunda mark í jafnmörgum deildarleikjum fyrir Heerenveen þegar liðið lagði Zwolle að velli 2-1. Alfred hefur farið á kostum hjá sínu nýja félagi undanfarna tvo mánuði en Heerenveen situr í 10. sæti deildarinnar með 13 stig.



FAGNAÐ Elfsborg varð síðast sænskur meistari árið 2006. NORDICPHOTOS/AFP

Norræna knattspyrnan:

Góð uppskera okkar manna

FÓTBOLTI Skúli Jón Friðgeirsson varð um helgina sænskur meistari þegar Elfsborg gerði jafntefli gegn Atvidabergs. Skúli Jón var ónotaður varamaður í leiknum.

Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði sigurmark Norrköping í 2-1 sigri á Mjällby en liðið hafnaði í fimmta sæti deildarinnar. Gunnar Heiðar varð næstmarkahæsti leikmaður deildarinnar með sautján mörk.

Matthías Vilhjálmsson skoraði tvívegis í 3-0 sigri Start á Kongsvinger í norsku b-deildinni.

Með sigrinum tryggði Start sér deildarmeistaratitilinn en Guðmundur Kristjánsson lék einnig með Start í leiknum. Haraldur Björnsson varði mark Sarpsborg 08 en dramafiskur 3-2 sigur á Notodden tryggði liðinu annað sæti deildarinnar og um leið sæti í efstu deild. -kt

Eitt atvik kostaði okkur titilinn

Sara Björk Gunnarsdóttir, Þóra Björg Helgadóttir og félagar í LdB Malmö máttu sjá á eftir sænska meistaratitlinum í knattspyrnu á laugardaginn eftir dramatískt 1-0 tap í lokaumferðinni gegn Tyresö.

FÓTBOLTI Liðsmenn Malmö klúðruðu víti í fyrri hálfleik og skutu í slána í þeim síðari áður en Tyresö náði forystunni á 81. mínútu með laglegu skallamarki. Heimakonur héldu í sókn, sendu boltann fyrir markið þar sem markvörður gestanna virtist missa boltann yfir marklínuna. Aðstoðardómariinn gaf til kynna að mark hefði verið skorað en þar með var sagan ekki öll.

„Þetta er það furðulegasta sem ég hef upplifað á ferlinum. Aðaldómariinn ákvað að hún hefði verið í betri aðstöðu til þess að sjá atvikið þó hún hafi í raun ekki verið í neinni aðstöðu til þess,“ segir Þóra skiljanlega svekkt.

„Það er voðalega erfitt að jafna sig á svona. Maður er í æfingu að tapa fyrir betra liði, tapa með tign og jafnvel ósanngjarnt en það er ansi erfitt að kyngja þessu. Þetta eina atvik kostaði okkur titilinn,“ segir Þóra.

Purfa að vera afleiðingar

Þóra segist vonast til þess að forráðamenn Malmö leggi inn formlega kvörtun til sænska knattspyrnusambandsins vegna atviksins gegn Tyresö.

„Við fáum auðvitað aldrei gullíð en það þurfa að vera afleiðingar. Það eru afleiðingar fyrir okkur

Maður er í æfingu að tapa fyrir betra liði, tapa með tign og jafnvel ósanngjarnt en það er ansi erfitt að kyngja þessu.

ÞÓRA BJÖRG HELGADÓTTIR
MARKVÖRÐUR MALMÖ

þegar við gerum eitthvað heimskulegt. Erum settar á bekkinn, fáum ekki nýjan samning eða fáum rautt spjald. Mér finnst eðlilegt að farið verði yfir þetta mál svo þetta komi ekki fyrir aftur,“ segir Þóra.

Malmö hafði fimm stiga forskot á Tyresö þegar tvær umferðir voru eftir en gerði aðeins jafntefli í síðustu umferð gegn Umeå.

„Við áttum auðvitað að klára þetta um síðustu helgi. Við fengum eins mark á okkur gegn Umeå. Þá fengum við sams konar mark á okkur og það sem ekki stóð gegn Tyresö. Það var mjög vafasamt hvort boltinn hefði farið yfir línuna. Dómariinn ákvað að markið skyldi standa og maður tekur því. En þegar dómariinn er ekki sammála og aðaldómari, sem er í engri aðstöðu, breytir ákvörðun línuvörðarins verður maður að setja spurningarmerki við það.“



Búnar að sofa mikið

Mikið álag hefur verið á Söru og Þóru undanfarnar vikur. Þær voru í eldlínunni með íslenska landsliðinu gegn Úkraínu í undankeppni Evrópumótsins á dögunum auk þess sem liðið lék fyrri leik sinn gegn Verona frá Ítalíu í Meistaradeildinni í síðustu viku.

„Ég var einmitt að ræða þetta við Söru. Við erum búnar að sofa rosalega mikið síðustu daga. Það er það frábæra við að vinna við það að spila fótbolta. Þá er tími til þess að sofa. Ég er alveg þreytt en ekkert meira en það. Á meðan það eru engin meißli er ég sátt,“ segir Þóra en liðið flýgur í dag til Ítalíu þar sem liðið mætir Verona í síðari leik liðanna á miðvikudag.

„Ítalska liðið er gott en við erum betri. Við spilum ekkert sérstaklega heima því við vorum enn með tærin í augunum eftir leikinn gegn Umeå. Við vorum ekki við sjálfar en stefnum á að klára tímabilið með stæl með góðum leik.“

kolbeinntumi@365.is

Allt gekk Manchester United í haginn um helgina:

Draumur Fergusons

FÓTBOLTI Manchester United er komið á topp ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu en allt féll liðinu í hag um helgina. Robin van Persie skoraði eftir aðeins þrjár mínútur gegn sínu gamla félagi, Arsenal, en United hafði mikla yfirburði í leiknum. 2-1 sigur gefur kolaranga mynd af gangi leiksins sem United réó.

Bros stuðningsmanna United varð enn breiðara þegar helstu andstæðingar liðsins, Chelsea og Manchester City, töpuðu stigum gegn minni spámönnum. Allt stefndi í góða innheimtu hjá Chelsea í jöfnum leik gegn Swansea en Pablo Hernandez tryggði Svönunum eitt stig með marki skömmu fyrir leikslok. Uppspera Chelsea er eitt stig úr síðustu tveimur leikjum en þangað til hafði liðið verið óstöðvandi.

Manchester City skrikaði fótur í heimsókn hjá West Ham á Boylen Ground. Englandsmeistararnir voru miklu sterkari aðilinn en gekk illa að skapa sér færi. Þetta var í fyrsta skipti á leiktíðinni sem City tekst ekki að skora í leik en



FAGNAÐ Wayne Rooney fagnaði marki Robin van Persie öllu meira en Hollendingurinn. NORDICPHOTOS/GETTY

liðið er sérstaklega vel skipað í framherjastöðunni.

Gylfi Þór Sigurðsson kom inn á sem varamaður í fyrri hálfleik í tapi Tottenham á heimavelli gegn Wigan. Gylfi Þór náði sér ekki á strik frekar en aðrir leikmenn Tottenham sem áttu ekkert skilið gegn spræku liði gestanna. -kt

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

Manchester United - Arsenal 2-1
1-0 Robin van Persie (3.), 2-0 Patrice Evra (67.), 2-1 Santi Cazorla (90.)

Swansea - Chelsea 1-1
0-1 Victor Moses (61.), 1-1 Pablo Hernandez (88.)

West Ham - Manchester City 0-0

Fulham - Everton 2-2
1-0 Sjálfsmark (7.), 1-1 Marouane Fellaini (55.), 1-2 M. Fellaini (72.), 2-2 Steve Sidwell (90.)

Sunderland - Aston Villa 0-1
0-1 Gab Agbonlahor (57.)

QPR - Reading 1-1
0-1 Kaspar Gorkss (17.), 1-1 Djibril Cisse (66.)

Norwich - Stoke 1-0
1-0 Bradley Johnson (43.)

Tottenham - Wigan 0-1
0-1 Ben Watson (56.)

Man.Utd.	Chelsea	Man.City	Everton	Tottenham	Arsenal	Fulham	West Ham	W.B.A.	Newcastle	Swansea	Liverpool	Wigan	Norwich	Stoke	Sunderland	Aston Villa	Reading	QPR	Southampton
10	10	10	10	10	10	10	10	9	10	10	10	10	10	10	9	10	9	10	9
8	7	6	4	5	4	4	4	4	3	3	2	3	2	1	1	2	0	0	1
0	2	0	5	3	3	3	3	2	5	3	5	2	4	6	6	3	5	4	7
26-14	22-10	18-9	17-13	17-14	15-8	21-16	15-15	13-11	12-14	15-14	13-15	11-16	8-18	8-10	6-9	8-14	12-18	8-19	14-26

MARKAHÆSTIR

Robin van Persie	8 mörk
Luis Suarez	7 mörk
Demba Ba	7 mörk

Opnunarhátíð velkomin í Steinhellu 17a

BRAMMER

Brammer Ísland ehf | Steinhella 17a | 221 Hafnarfjörður | Sími: 522 6262 | www.brammer.is



SUBARU

Confidence in Motion

SPARNEYTNIR OG TRAUSTIR

Gerðu örugg bílakaup – veldu Subaru



Subaru XV sjálfskiptur 4WD

Verð frá: 5.890.000 kr.



6,6 l / 100 km

í blönduðum akstri



FRUMSÝNUM 2013 ÁRGERÐ

Subaru Outback LUX sjálfskiptur 4WD

Verð frá: 6.490.000 kr.



7,6 l / 100 km

í blönduðum akstri



TILBOÐ

Subaru Forester sjálfskiptur 4WD

Verð frá: 5.890.000 kr.



7,5 l / 100 km

í blönduðum akstri

Aukahlutapakki að verðmæti

450.000 kr. fylgir nokkrum

Subaru Forester:

- Húddhlíf
- Stuðarahlíf
- Gluggahlífar
- Dráttarbeisli
- Heilsársdekk



SÉRSTAÐA SUBARU

Ólíkt mörgum nýjum jepplingum, sem margir hverjir eru einungis með hjálpardríf til að bregðast við í krefjandi aðstæðum, er Subaru með sitengt aldríf sem deilir sífellt afli jafnt milli fram- og afturáss. Þú getur því treyst á akstursöryggi og stöðugleika Subaru.



Í 40 ár hefur Subaru smíðað fjórhjóladríf í sína bíla sem njóta algerrar sérstöðu. Fjórhjóladríf í Subaru er svokallað „Symmetrical“ fjórhjóladríf með lágréttri BOXER vél og því er það jafn þungt frá vinstri til hægri. Þannig fæst aukinn stöðugleiki og öryggi í akstri.





UPP Í 2. SÆTID KR-konur unnu góðan sigur í gær. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

ÚRSLITIN Í GÆR

Dominosdeild kvk í körfu

KR - Snæfell 93-67 (46-25)
Stig KR: Patechia Hartman 28, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 25, Helga Einarsdóttir 11, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 9, Hafþrún Hálfánardóttir 8, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 4, Anna María Ævarsdóttir 3, Björg Guðrún Einarsdóttir 3, Helga Hrunn Friðriksdóttir 2.
Stig Snæfells: Kieraah Marlow 24, Hildur Björg Kjartansdóttir 17, Hildur Sigurðardóttir 7, Berglind Gunnarsdóttir 7, Alda Leif Jónsdóttir 7, Aníta Sæþórsdóttir 2.

Lengjubikar karla í körfu

A-RÍÐILL

Keflavík-Skallagrímur 110-64 (56-36)
Stigahæstir: Magnús Þór Gunnarsson 21, Darrel Keith Lewis 16, Kevin Giltner 15, Valur Orri Valsson 12, Michael Graion 12 - Carlos Medlock 19, Haminn Quaintance 17, Davíð Guðmundsson 13.

B-RÍÐILL

Hamar-KFÍ 106-109 (80-80, 95-95)
Stigahæstir: Jerry Lewis Hollis 31/11 fráköst, Örn Sigurðarson 28/12 fráköst, Þorsteinn Már Ragnarsson 11 - Momcilo Latinovic 26/9 fráköst, Jón Kristinn Sævarsson 22, Mirko Stefan Virijevic 20/10 fráköst, Bradford Harry Spencer 19.

C-RÍÐILL

Fjöltnir-Tindastóll 79-102 (34-51)
Stigahæstir: Sylverster Cheston Spicer 26/12 fráköst, Arnþór Freyr Guðmundsson 14, Tómas Heiðar Tómasson 14 - George Valentine 27, Isaac Deshon Miles 13, Þróstur Leó Jóhannsson 13/9 fráköst/6 stoðsendingar, Helgi Rafn Viggósson 11.

D-RÍÐILL

Þór Þ-Valur 86-69 (50-45)
Stigahæstir: Benjamin Curtis Smith 27, Grétar Ingi Erlendsson 18/11 fráköst, Robert Diggs 17 - Chris Woods 31/12 fráköst, Ragnar Gylfason 13.

N1 deild kvenna í handb.

Selfoss - Valur 12-28 (6-13)
Markahæstar: Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 5, Þuríður Guðjónsdóttir 3 - Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 10, Anna Úrsula Guðmundsdóttir 5, Rebekka Rut Skúladóttir 3, Dagný Skúladóttir 3, Íris Ásta Pétursdóttir 3.

Haukar - Fram 22-30 (10-19)
Markahæstar: Marija Gedroit 11, Karen Helga Sigurjónsdóttir 4 - Ásta Birna Gunnarsdóttir 7, Stella Sigurðardóttir 5, Guðrún Þóra Hálfánardóttir 4, Birna Berg Haraldsdóttir 4, Hekla Rún Ámundadóttir 3.

Afturelding - Stjarnan 18-37 (9-22)
Markahæstar: Sara Kristjánsdóttir 7, Hekla Daðadóttir 5, Rósa Jónsdóttir 3 - Hanna Guðrún Stefánsdóttir 10, Ágústa Edda Björnsdóttir 8, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 6, Kristín Clausen 4.

HK - ÍBV 30-35 (15-18)
Markahæstar: Guðrún Erla Bjarnadóttir 7, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 4, Arna Björk Almarsdóttir 4 - Grigore Gogota 7, Guðbjörg Guðmannsdóttir 7, Ivana Mladenovic 7, Simona Vintale 5, Drífa Þorvaldsdóttir 4.

FH - Fylkir 33-25 (17-14)
Markahæstar: Steinunn Snorraddóttir 6, Ásdís Sigurðardóttir 5, Aníta Mjöll Ægisdóttir 4 - Hildur Björnsdóttir 7, Vera Pálsdóttir 5.

Í bílstjórasætinu í riðlinum

Íslenska handboltalandsliðið er eitt á toppnum í sínum riðli í undankeppni EM eftir sjö marka sigur í Rúmeníu í gær. Strákarnir eru búnir að vinna lokamínúturnar í fyrstu leikjunum undir stjórn Arons með 11 marka mun.

HANDBOLTI Íslenska landsliðið er þegar komið með eins stigs forskot á Slóveníu á toppi síns riðils í undankeppni EM í Danmörku eftir flottan 37-30 sigur í Rúmeníu í gær. Langt og erfitt ferðalag og allt annað en óskabyrjun en þegar á reyndi þá sýndu íslensku strákarnir styrk sinn í seinni hálfleik og kláruðu leikinn með sannfærandi hætti. Liðið er því komið í bílstjórasætið í riðlinum. „Það eru eins og við viljum hafa þetta,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari íslenska landsliðsins. „Þetta var erfiður úti-völlur, langt ferðalag og ég er gríðarlega ánægður með að við skyldum ná svona öruggum sigri í lokin.“

Rúmenar voru skrefinu á undan nær allan fyrri hálfleikinn og íslenska liðið var í vandræðum með stórar og sterkar skyttur liðsins. „Við byrjuðum leikinn mjög illa, lendum þremur mörkum undir og virkum eins og við séum svolítið á hælunum í vörninni,“ segir Aron um byrjun leiksins þar sem Rúmenar skorðu alltof auðveldlega og náðu mest þriggja marka forskoti.

„Þegar við fórum að þetta vörnina og spila hver með öðrum þá kom vörninn og við fórum að vinna okkur hægt og rólega inn í leikinn. Við náðum eins marks forystu fyrir hálfleik og í seinni hálfleik fannst mér við spila nokkuð vel,“ sagði Aron.

Aron Rafn Eðvarðsson stóð sig vel í íslenska markinu og fékk líka hrós frá þjálfaranum. „Aron Rafn var í fyrsta skipti að standa sem fyrsti markvörður í landsleik. Það var pressa á honum á erfiðum úti-velli og það eru góðar skyttur í þessu rúmenska liði. Hann er að



ÁSGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON Lék mjög vel í Rúmeníu í gær og skoraði 8 mörk úr aðeins 9 skotum. NORDICPHOTOS/AFP

verja allan tímann og taka nokkuð góð færi,“ sagði Aron og Ásgeir Örn Hallgrímsson, Guðjón Valur Sigurðsson og Kári Kristjánsson fengu líka hrós.

Einn besti landsleikur Ásgeirs

„Ásgeir var mjög góður og var að spila einn af sínum betri landsleikjum. Guðjón Valur klúðraði reyndar tveimur hraðaupphlaupum en skoraði 11 mörk og var að spila mjög „massíft“ allan leikinn. Kári kemur inn síðustu tólf mínúturnar og var strax mjög hættulegur,“ segir Aron.

Aron Pálmarsen var eins og svart og hvítt í leiknum. Hann gerði mörg mistök í fyrri hálfleiknum og komst ekki á blað fyrr en eftir hlé. Hann spilaði hins vegar vel í seinni hálfleik.

„Aron var svolítið þungur á sér

í fyrri hálfleik og kom of hægt á vörnina. Aron var að reyna of mikið sjálfur í fyrri hálfleik en í þeim seinni var hann bara að spila með liðinu. Hann kom þá af krafti í vörnina og var með helling af góðum stoðsendingum og nokkur mjög góð mörk. Hann var að spila mjög vel í seinni hálfleik.“

Íslenska liðið vann síðustu sjö mínúturnar á móti Hvít-Rússum 6-1 og síðustu tólf mínúturnar í gær 10-4. Samtals hefur íslenska liðið unnið lokamínúturnar í fyrstu tveimur leikjunum undir stjórn Arons með 11 marka mun.

„Strákarnir stóðu sig mjög vel, voru á tánum, sýndu mikla samstöðu og baráttuvilja sem var mjög ánægjulegt. Það er gott að vinna tvo örugga sigra í tveimur fyrstu leikjunum,“ sagði Aron að lokum. ooj@frettabladid.is

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 22 mörk í fyrstu tveimur leikjum Ísland í undankeppni EM í Danmörku:

Tveir sannfærandi sigrar eru frábær byrjun

HANDBOLTI Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirlíði íslenska landsliðsins, er markahæsti leikmaðurinn í undankeppni EM eftir tvo ellufu marka leiki. Hann var sáttur með sigurinn þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

„Ég held að við getum verið sáttir með þessa byrjun í riðlinum. Það var kannski öruggi í byrjun í báðum leikjunum en tveir sannfærandi sigrar eru frábær byrjun,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson.

„Við höfum oft þurft tíma til að koma okkur í gang. Strákarnir í liðinu eiga hrós skilið fyrir

hverning við kláruðum þetta því þetta voru ekki auðveldar aðstæður,“ sagði Guðjón Valur.

„Við vorum að spila við lið sem við þekkjum mjög lítið. Það var lítið til af efni um þá og í rauninni bara einn leikur því þeir eru með nýtt lið. Þeir eru mjög stórir, sterkir og þungir og það er því frábært að hafa klár- að þetta,“ sagði Guðjón Valur sem hafði ekki áhyggjur eftir erfiða byrjun.

„Ég var nokkuð viss um að

við kæmumst í girinn. Þetta var aldrei mikil hætta og þeir voru bara yfir í byrjun leiks og því engin ástæða til að hafa áhyggjur,“ sagði Guðjón sem hrósaði nokkrum mönnum.

„Kári kom fluttur inn og Geiri var alveg frábær í fyrri hálfleik. Mér fannst strákarnir í vörninni standa sig mjög vel og þá sérstaklega ef við tókum seinni



GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON

hálfleikinn,“ sagði Guðjón Valur. Hann var ekki eins sáttur við rúmenska sambandið.

„Eins og ég sagði við strákana fyrir leik þá eru engar afsakanir þegar menn eru komnir í treyjuna, hvort sem það eru dómarmar, ferðalög eða eitthvað. Það var reynt að gera þetta eins erfitt fyrir okkur og hægt var. Við erum að ferðast fánlega lengi og það er með ólíkindum að það sé leyfilegt að spila leik svona langt frá alþjóðaflugvelli. Við ákváðum bara að taka þessu sem ögrun,“ sagði Guðjón Valur.

- 66j

EM Í HANDBOLTA

1. RÍÐILL

Swiss-Spánn 22-33
 Portúgal-Makedónía 32-25
 Stigin: Spánn 4, Makedónía 2, Portúgal 2, Sviss 0.

2. RÍÐILL

Svartfjallaland-Tékkland 23-22
 Ísrael-Þýskaland 27-30
 Stigin: Svartfjallaland 4, Tékkland 2, Þýskaland 2, Ísrael 0.

3. RÍÐILL

Litháen-Noregur 21-28
 Tyrkland-Frakkland 30-33
 Stigin: Noregur 4, Frakkland 4, Litháen 0, Tyrkland 0.

4. RÍÐILL

Lettland-Krótía 23-30
 Slóvakía-Ungverjaland 24-28
 Stigin: Ungverjaland 4, Krótía 4, Slóvakía 0, Lettland 0.

5. RÍÐILL

Holland-Svíþjóð 31-33
 Úkraína-Pólland 20-29
 Stigin: Pólland 4, Svíþjóð 4, Holland 0, Úkraína 0.

6. RÍÐILL

Hvíta-Rússland-Slóvenía 32-32
 Rúmenía - Ísland 30-37 (18-19)

Mörk Rúmeníu (skot): Valentin Ghionea 6 (9), Bogdan Criotoiu 5 (9), Ionut Ramba 4 (7), Andrei Grasu 3 (6), Cristian Stelian Fenici 3 (6), Radu Cristian Ghita 3 (6), Marius Novanc 2 (4), Marius Sadoveac 1 (1), Alexandru Gheorghe Sabou 1 (1), Dragos Iancu 1 (2), Florin Dospinescu 1 (2), Ionut Rotaru (1), Mihai Andrei Paius (1),
Varin skot: Ionut Ciobanu 10 (42/2, 24%), Emilian Marocico 1 (6/1, 17%),
Mörk Íslands (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 11/3 (14/3), Ásgeir Örn Hallgrímsson 8 (9), Snorri Steinn Guðjónsson 4 (7), Aron Pálmarsen 4 (9), Kári Kristján Kristjánsson 3 (3), Þórir Ólafsson 3 (4), Alexander Petersson 3 (4), Ingimundur Ingimundarson 1 (1),
Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 19 (49, 39%),
Hraðaupphlaup: 11 (Guðjón Valur 5, Ásgeir 3, Snorri Steinn, Þórir, Ingimundur)
Fiskuð víti: 3 (Kári, Alexander, Róbert)

STADAN Í RÍÐLI ÍSLANDS

Ísland	2	2	0	0	73-58	4
Slóvenía	2	1	1	0	66-58	3
Hvíta-Rússland	2	0	1	1	60-68	1
Rúmenía	2	0	0	2	56-71	0

7. RÍÐILL

Bosnía-Serbía	21-24
Rússland-Austurríki	38-31

Stigin: Serbía 4, Rússland 2, Austurríki 2, Bosnía 0.

markhómun.is

nettó

Kræsingar & kostakjör

BIO LÍFRÆNT ORGANIC

LÍFRÆNAR VÖRUR Á AFAR HAGSTÆÐU VERÐI!

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

SPORT HD

MEISTARADEILDIN

ÓMISSANDI FÓTBOLTAKVÖLD

Á MORGUN KL. 19.30

SPORT HD

R. MADRID – DORTMUND

SPORT 3

MAN. CITY - AJAX

SPORT 4

SCHALKE - ARSENAL

MIDVIKUDAG KL. 19.30

SPORT HD

CHELSEA - SHAKHTAR

SPORT 3

CELTIC - BARCELONA

SPORT 4

BRAGA - MAN. UTD.



ÞORSTEINN J. OG GESTIR

UPPHITUN FYRIR LEIKINA HEFST KL. 19.00

OG MEISTARAMÖRKIN STRAX AÐ LEIK LOKNUM

FÁÐU ÞÉR
ÁSKRIFT
Í SÍMA 512 5100
EDA Á STOD2.IS



EVROPUDEILDIN

TOPPLEIKIR Á FIMMTUDAG

SPORT HD KL. 16.55

ANJI - LIVERPOOL

SPORT HD KL. 20.00

TOTTENHAM - MARIBOR



> Stöð 2 kl. 21.35

The Newsroom

Jeff Daniels leikur aðalhlutverk í þáttaröðinni *The Newsroom* sem er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Þetta eru frábærir þættir sem vakandi hafa verðskuldaða athygli. Í þættinum í kvöld er fylgst með einum stærsta fréttavíðburði undanfarinna ára þegar bylting í Egyptalandi hrakti Mubarak forseta frá völdum. Á sama tíma er stórfétt heima fyrir sem fréttastofan þarf einnig að sinna.

dagskrá



Í KVÖLD



Flirting With Forty

Hjónaband Jackie Laurens leysist upp á fertugsafmælinu hennar. Til að fá útrás bókar hún ferð til Havaí þar sem hún kynnist ungum brimbrettakennara sem heillar hana upp úr skónum.

Leikstjóri: Mikael Salomon.
Aðalhlutverk: Heather Locklear og Robert Buckley.

RÚV 54% 5,6 14.20



Kitchen Nightmares

Raunveruleikabáttur með matreiðslumanninum illgjarna, Gordon Ramsay. Bræður berast á bana-spjótum í veitingarekstri þar til Ramsay mætir á svæðið. Hann síðar þá til og fær eina viku til að hjálpa þeim.

Aðalhlutverk: Gordon Ramsay, J.V. Martin og Kim Seeley.

RÚV 66/100 6,9 20.40



Glee

Fjórdá serían um söngóðu krakkana í Glee. Eldri hópurinn er nú útskrifaður og farinn að takast á við ýmis ný og spennandi verkefni en Will Schuester og yngri krakkarnir eru enn að valda usla í McKinley High.

Höfundur: Ian Brennan, Ryan Murphy og Brad Falchuk. **Aðalhlutverk:** Lea Michele og Chris Colfer.

RÚV 78/100 7,2 20.05



Super Smart Animals

Seinni hluti sjónvarpsmyndar þar sem Liz Bonnin fer um víðan völl og leitar að greindustu dýrum heims til að leggja fyrir þau þrautir. Nýjustu rannsóknir sýna að dýr eru oft mun skarpari en við höldum.

Leikstjóri: Simon Bell.
Aðalhlutverk: Liz Bonnin.

RÚV 9,1 20.10

RÚV

- 15.30 Silfur Egils (e)
- 16.50 Landinn (e)
- 17.20 Sveitasæla
- 17.31 Spurt og sprellað
- 17.37 Töfranhötturinn
- 17.50 Óskabarnið
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Doktor Ása (1:8) (Dr. Ása II) (e) Sænsk þáttaröð um heilsu og heilbrigðan lífsstíl.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- > 20.10 Ljónafúð dýr (2:2) (Super Smart Animals)
- 21.05 Dans dans dans - Sigurdansar
- 21.15 Castle (31:34) Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermír eftir atburðum í bókum hans. Meðal leikenda eru Nathan Fillion, Stana Katic, Molly C. Quinn og Seamus Dever.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn
- 23.05 Stundin (3:6) (The Hour) (e) Breskur myndaflokkur um nýsnir í kalda stríðinu. Sagan gerist árið 1956 og aðalpersónur hennar eru fréttamenn hjá BBC sem komast á snoðir um skuggalegt samsæri.
- 00.05 Kastljós (e)
- 00.35 Fréttir
- 00.45 Dagskrárlök

BÍÓ

- 11.15 Hachiko: A Dog's Story
- 12.50 Babe
- > 14.20 Flirting With Forty
- 15.50 Hachiko: A Dog's Story
- 17.25 Babe
- 18.55 Flirting With Forty
- 20.25 All Hat
- 22.00 Bjarnfreðarson
- 23.50 Pledge This!
- 01.20 All Hat
- 02.55 Bjarnfreðarson

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In the Middle (5:22)
- 08.30 Ellen (34:170)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors (166:175)
- 10.15 Wipeout USA (6:18)
- 11.00 Drop Dead Diva (3:13)
- 11.45 Falcon Crest (15:29)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (3:39) (4:39)
- 15.15 ET Weekend
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2
- 16.50 Bold and the Beautiful
- 17.10 Nágrannar
- 17.35 Ellen (35:170)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Big Bang Theory (5:17)
- 19.40 Modern Family (3:24)
- > 20.05 Glee (2:22)
- 20.50 Fairly Legal (10:13) Önnur þáttaröðin um lögræðinginn Kate Reed sem hefur náttúrulega hæfileika til að leysa deilumál, bæði vegna kunnáttu sinnar í lögræði og eins vegna mikilla samskiptahæfileika.
- 21.35 The Newsroom (5:10) Magnaðir og dramatískir þættir sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.
- 22.30 Who Do You Think You Are? UK (6:6) Afar áhugaverðir þættir þar sem þekktum einstaklingum er gefinn kostur á að reka ættir sínar langt aftur og komast að ýmsu áhugaverðu um forfeður sína.
- 23.30 Modern Family (21:24)
- 23.55 Anger Management (6:10)
- 00.20 Chuck (3:13)
- 01.05 Burn Notice (1:18)
- 01.50 Medium (6:13)
- 02.35 Jennifer's Body
- 04.15 Fairly Legal (10:13)
- 05.00 Modern Family (3:24)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 17.00 Enskí deildaríðarinn: Chelsea - Man. Utd. 16 liða úrslit.
- 19.20 Spánn: Barcelona - Celta
- 21.00 Spænsku mörkin
- 21.30 Meistarad. Evrópu: fréttabáttur
- 22.00 Spánn: Real Madrid - Zaragoza
- 23.40 Bubba Watson á heimaslóðum Skemmtilegur golfbáttur þar sem sjónvarpsmaðurinn David Feherty heimsækir Bubba Watson og tekur við hann einlægt viðtal.

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Liverpool - Newcastle
- 14.15 Fulham - Everton
- 15.55 West Ham - Man. City
- 17.35 Sunnudagsmessan
- 18.50 Premier League Review Show 2012/13 Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
- 19.50 WBA - Southampton
- 22.00 Premier League Review Show 2012/13
- 23.00 Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
- 23.30 Being Liverpool Innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar.
- 00.15 WBA - Southampton

krakkar

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Samsent barnaefni frá Stöð 2.
- 08.00 Dóra könnuður
- 08.25 Áfram Diego, áfram!
- 08.50 Dóddi litli og Eyrnastór
- 09.00 UKI
- 09.10 Stubbarnir
- 09.35 Strumparnir
- 09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 10.20 Ævintýri Tinna
- 10.40 Histeria!
- 11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
- 17.00 Villingarnir
- 17.25 Xiaolin Showdown
- 17.50 iCarly (33:45)

POP TIM

- 17.05 Simpson-fjölskyldan (15:21) Bart og Lisa fara átta ár fram í tímann í tölvu Frins prófessors. Þá eru Hómer og Marge skilin, Lisa er með Milhouse og Bart er með hjólabrettastelpu. Bart fær skólasyrkr úr sjóði Mr. Burns sem Lisa átti að fá því hann bjargaði lífi Mr. Burns fyrir tilviljun.
- 17.30 ET Weekend
- 18.15 Glee (14:22)
- 19.00 Friends (20:24) Ross fær vini sína í lið með sér þegar hann hittir föður Elizabeth í fyrsta skipti.
- 19.25 The Simpsons (1:25)
- 19.50 How I Met Your Mother (5:22) Marshall veit ekki hvernig hann passar inn í þennan heim sem krefst þess að allir séu í samböndum. Hann reynir þó að aðlagast.
- 20.10 Step It up and Dance (9:10) Efnilegir dansarar læra hvað þarf að leggja á sig til að komast upp á stjóruhimininn.
- 20.55 Hart of Dixie (9:22) Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
- 21.35 Privileged (12:18) Bandarísk þáttaröð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forriki fjölskyldu sem einkakennari ofdekraðra tlvburasystra.
- 22.20 Step It up and Dance (9:10)
- 23.05 Hart of Dixie (9:22)
- 23.45 Privileged (12:18)
- 00.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

GULL

- 18.15 Doctors (62:175)
- 19.00 Ellen (35:170)
- 19.45 Logi í beinni
- 20.20 Að hætti Sigga Hall (15:18)
- 20.50 Little Britain (4:6)
- 21.25 Pressa (6:6)
- 22.10 Logi í beinni
- 22.50 Að hætti Sigga Hall (15:18)
- 23.20 Little Britain (4:6)
- 23.50 Pressa (6:6)
- 00.35 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfréttir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstud með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfréttir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í næmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfréttir 12.50 Dánarfréttir 13.00 Hringrás 14.00 Fréttir 14.03 Orð um bækur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsáttur: Ljósá 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Bak við stjómurnar 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Spegillinn 18.47 Auglýsingar 18.50 Veðurfréttir 18.53 Dánarfréttir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Okkar á milli 21.10 Ópus 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfréttir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Samfélagið 22.30 Albúmið: Talking Book - Stevie Wonder 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Dr. Phil (e)
- 09.25 Pepsi MAX tónlist
- 15.50 Parenthood (6:22) (e)
- 16.35 Minute To Win It (e)
- 17.20 Rachael Ray
- 18.05 Dr. Phil
- 18.45 My Generation (3:13) (e)
- 19.25 America's Funniest Home Videos
- 19.50 Will & Grace (20:24)
- 20.15 Parks & Recreation (2:22) Bandarísk gamanseria með Amy Poehler í aðalhlutverki. Þegar traust milli vinnufélaganna er lítið þá er auðvelt að plata þá til að hjálpa sér eins og Ron kemst að raun um.
- > 20.40 Kitchen Nightmares (4:17)
- 21.30 Sönn íslensk sakamál (3:8) Ný þáttaröð af einum vinsælustu en jafnframt umtöluðustu þáttum síðasta áratugar. Sönn íslensk sakamál fjalla á raunsannan hátt um stærstu sakamál síðustu ára.
- 22.00 CSI: New York (12:18) Bandarísk sakamála-sería um Mac Taylor og félagana hans í tæknideild lögreglunnar í New York. Skemmtilegur leikur fer úr böndunum og morð og mannrán koma við sögu.
- 22.50 CSI (4:23) Fyrsta þáttaröð um Gil Grissom og félagana hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Las Vegas.
- 23.30 Law & Order: Special Victims Unit (12:24) (e)
- 00.15 Secret Diary of a Call Girl (3:8) (e)
- 00.40 The Bachelorette (11:12) (e)
- 02.10 Blue Bloods (16:22) (e)
- 02.55 Parks & Recreation (2:22) (e)
- 03.20 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 07.35 World Golf Championship 2012 (4:4) 12.35 Ollie's Ryder Cup (1:1) 13.00 World Golf Championship 2012 (4:4) 18.00 Golfing World 18.50 World Golf Championship 2012 (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 The Open Championship Official Film 2011 (1:1) 23.50 ESPN America

INN

- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu 20.30 Golf með Röggva Sig 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Eldhús meistaranna

ÚTVARP FM

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 95,7 FM957
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 100,5 Kaninn
- FM 102,9 Lindin
- FM 90,1 Rás 2
- FM 93,5 Rás 1
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 97,7 X-ið
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 102,2 Útvarp Latibær
- FM 105,5 Útvarp Boðun

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

SÖNN ÍSLENSK SAKAMÁL

Pólstjarnan

í kvöld kl. 21:30

MÁLSBÆTUR

SECURITAS

SKJÁREINN

595 6000 - SKJARINN.IS

HÚSGAGNAHÖLLIN – fyrir lifandi heimili



NÚNA
30.000
KR. AFSLÁTTUR

SÓFAR
12 MÁNAÐA
VAXTALAUS
LÁN
IDdesign

NÚNA
20.000
KR. AFSLÁTTUR



TUNGUSÓFI
219.990
VERÐ FRÁ: 249.990

UMBRIA 2 sæta sófi. B:180 D:87 H:80 cm. 3 sæta: B:250 D:88 H:78 cm. Tungusófi: B:250 D:87 H: 80 T: 163 cm. Einnig til tungusófi XL. Þrír litir.



TVEGGJA SÆTA B:180 CM
149.990
VERÐ FRÁ: 169.990

ÞRIGGJA SÆTA B: 220 CM
169.990
VERÐ FRÁ: 189.990

NÚNA
20.000
KR. AFSLÁTTUR



TVEGGJA SÆTA
74.900
VERÐ: 94.900

ÞRIGGJA SÆTA
84.900
VERÐ: 104.900

CLEVELAND 2ja B 179 D 86 H 81 cm. og 3ja sæta B 208 D 86 H 81 cm. Litur: Grátt slitsterkt áklæði. Krómlappir.

HELGAR
TILBOÐ!
IDdesign



239.900
VERÐ: 299.990

20%
AFSLÁTTUR

OREGON hornsófi með tungu. B 310 D 240 H 88 cm. (hægt að fá með tungu hægra og vinstra megin). Litur: svart slitsterkt áklæði. Krómlappir. FLOTTUR SÓFI Í BAK OG FYRIR

BEST
SELLER
2012!
IDdesign

20% AFSLÁTTUR AF BAR- OG ELDHÚSSTÓLUM



15.990
VERÐ: 19.990

HOT barstóll, krómlappir. Litur: svart og hvítt.



19.190
VERÐ: 23.990

DALLAS barstóll, krómlappir. Litur: svart og hvítt.



15.990
VERÐ: 19.990

PLUMP barstóll, krómlappir. Litur: svart.

ANDREW borðstofustóll. Svart, brúnt og hvítt leður.



15.990
FULLT VERÐ: 19.990

VALERIE borðstofustóll, krómlappir. Litur: Svart.



11.990
FULLT VERÐ: 15.990

25%
AFSLÁTTUR
AF VALERIE

HÚSGAGNAHÖLLIN



„Það er lagið Eye in the Sky með The Alan Parsons Project sem kemur mér inn í vikuna.“

Jón Atli Helgason, plötusnúður, annar meðlima sveitarinnar Human Woman og hárgreiðslumaður.

Býður upp á klæðskerasniðnar flíkur

„Fötin verða aðeins dýrari, en ég ábyrgist að í staðinn eiga þau eftir að passa fullkomlega,“ segir fatahönnuðurinn Ýr Þrastardóttir um fatalínuna sem hún sýnir á Kex Hostel næstkomandi fimmtudagskvöld.

Um er að ræða fatalínu fyrir haust og vetur 2012 sem Ýr sýndi við góðar undirtektir á Reykjavík Fashion Festival í vor. Sýningin er samsýning hennar og Orra Einarssonar skartgripahönnuðar, en þar verður einnig sýnt myndbandsverk sem Ýr vann með listakonunni Hrund Atladóttur í Tékklandi í sumar.

Ýr ætlar að bjóða upp á þá nýjung að hægt verður að panta flíkurnar beint af sýningunni og fá tíma í máltöku, því fatahönnuðurinn ætlar að sérsníða fatnaðinn á kunnana sína. „Þetta verður óhefðbundin sýning þar sem hægt verður að sjá öll smáatriðin miklu betur en á venju-

legri tískupallasýningu. Tilgangurinn er í raun að kynna eitthvað nýtt og gera konum kleift að fá eitthvað sem passar, sama hvernig þær eru vaxnar,“ segir Ýr. Hún bætir við að þetta sé einstakt tækifæri fyrir konur, en um þriggja vikna bið er eftir flíkunum eftir pöntun. „Þessi aðferð finnst mér persónulegri og hún brúar bilið milli mín og kunnans. Upplagt fyrir konur sem vilja sérstaka þjónustu þegar kemur að því að kaupa hönnunarvöru.“

Sýningin hefst á slaginu 20 og eru allir velkomnir.



SÉRSNÍÐUR Fatahönnuðurinn Ýr Þrastardóttir býður viðskiptavinum sínum upp á persónulega þjónustu. MYND/JIRIHRONKIN

Purell Taktu PURELL® með hvert sem þú ferð!

PURELL®
- froðu handsóttreinsir 45 ml

Kaupu 2 stk og þú færð beltisfestingu í kaupbætti!

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

1682 - Rekstrarvörur - 2012
30 ára vinna með þér



Í LITRÍKA BÍLNUM Gabriel Gerald Haesler hefur sett „litríkasta bíll landsins“ á söluskrá.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GABRIEL GERALD HAESLER: SELUR LITRÍKASTA BÍL ÍSLANDS

Líður eins og á glænýjum Porsche á litríkum Híppa

„Þetta vekur mikla athygli en það eru ekki margir sem vilja kaupa hann,“ segir Gabriel Gerald Haesler.

Hann hefur sett inn auglýsingu á vefsíðuna Bland.is þar sem hann auglýsir „litríkasta bíll Íslands“ til sölu. Bíllinn, sem er af tegundinni Volkswagen Vento frá árinu 1997, var málaður í listasmiðju Hafnarhússins árið 2009 af nemendum Fjölbrotaskólans í Breiðholti og var það leikarinn Davíð Örn Halldórsson sem stýrði verkefninu. Bíllinn var í eigu þáverandi menningarstjóra Hafnarhússins.

„Þetta var gömul drusla sem hún átti sem hún ætlaði að láta henda. Síðan var þessi listasmiðja í Hafnarhúsinu og hún bauð fram bíllinn sinn,“ segir Gabriel, sem frétti af honum í gegnum móður sína sem var að vinna í Hafnarhúsinu. „Ég var að leita mér að ódýrum bíl. Mamma tók eftir því að hún var að selja bíllinn sinn og það bara hitti voðalega heppilega á.“

Þessi litríki bíll hefur fengið viðurnefnið Híppinn og vekur mikla athygli hvert sem hann fer. „Það er ekki búið að vera leiðinlegt að eiga þennan bíl. Manni líður eins og

maður sé á splunkunýjum Porsche. Það eru einhvern veginn allir að fylgjast með manni,“ segir hann. Spurður hvað vinum hans finnst um Híppann segir Gabriel: „Það eru mjög skiptar skoðanir á því hvort þetta sé flottur bíll eða ekki en það finnst öllum bíllinn athyglisverður.“ Hann er sannfærður um að þetta sé litríkasti bíll landsins. „Ég hef aldrei fengið staðfestingu á því en ég hef ekki séð litríkari bíl enn þá.“

Verðið sem Gabriel setur á bílinn er 230 þúsund krónur. „Hann er í toppstandi. Það er ekkert að honum.“

freyr@frettabladid.is

Brá sér í hlutverk móttökustjóra

„Ég var dyravörður og bauð fólk velkomið og afhenti því miða,“ segir rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson sem brá sér í hlutverk móttökustjóra á tískusýningu fatamerkisins Freebird sem fram fór í Þjóðmenningarhúsinu á fimmtudag.

Fatahönnuðirnir Gunnar Hilmarrson og Kolbrún Gunnarsdóttir eru nánir vinir Þorgríms og báðu hann um að taka verkefnið að sér. „Ég get brugðið mér í þúsund hlutverk og segi „já“ við eiginlega öllu, enda þarf rithöfundur að prófa sem flest. Þetta hlutverk smellpassar til dæmis í bók sem ég er að skrifa um þessar mundir,“ segir Þorgrímur.

Starfið leysti Þorgrímur auðveldlega af hendi enda vann hann um tveggja ára skeið sem dyravörður á skemmtistaðnum Hollywood. „Ég hafði verið fastgestur á staðnum



MÓTTÖKUSTJÓRI Þorgrímur Þráinsson brá sér í hlutverk móttökustjóra á tískusýningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

í mörg ár og hugsaði með mér að ég gæti alveg eins unnið sem dyravörður á staðnum og fengið greitt fyrir að vera þar. En það að vera móttökustjóri er ólíkt skemmtilegra starf og miklu fínna.“

Inntur eftir því hvort hann hafi sjálfur mikinn áhuga á tísku segist hann láta aðra um að dæma það. „Ég held ég verði að láta aðra dæma um það. Ég hef frekan einfaldan smekk á fötum og geng helst í gallabuxum og bol. Ég fylgist lítið með tískustráumum og þá helst í gegnum hann Gunna sem leiðbeinir mér reglulega í þeim efnum.“

Aðspurður segist Þorgrímur viljugur að taka að sér starf móttökustjóra aftur. „Ég mundi alveg örugglega gera þetta aftur. Og það skiptir engu máli hver bæði mig um það.“

- sm



KEMUR ÚT 27. NÓVEMBER

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Meðal efnis í blaðinu: Jólaljósín, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasíðir og venjur.

Bókið auglýsingar tímanlega:

Atli Bergmann
atlib@365.is
512 5457

Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
512 5473

Benedikt Freyr Jónsson
benni@365.is
512 5411

Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is
512 5432

Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is
512 5427



Spennandi húsnæði til sölu eða leigu



Öruggt skjól fyrir verðmæti



Skotheld bygging

Húsnæðið hýsti áður samskiptamiðstöð Bandaríkjahers. Það var byggt árið 1997 og er tæplega 1.700 m². Húsið er ákaflega rammbýgt, hefur eins metra þykka steypuveggi og stálhurðir sem hannaðar eru til að standast loftárásir. Lóðin er afgirt og slökkvistöð í næsta nágrenni. Húsið hentar því vel sem geymsla fyrir mikilvæg verðmæti, hvort sem þau eru stafræn eða ápreifanleg.



Andrews-leikhúsið

Hið sögufræga Andrews-leikhús er til sölu eða leigu. Húsið var áður kvikmyndasýningar-salur Nató, en byggingin var endurnýjuð árið 2010. Salurinn tekur 499 í sæti og sviðið er 100 m². Myndvarpi, tjald og gott hljóðkerfi er til staðar fyrir fyrirlestra. Húsnæðið hentar undir leik- eða kvikmyndasýningar, tónleika eða ráðstefnur.



Banki

Húsnæðið er 292 m² og hýsti áður banka. Húsið er steinsteypt á tveimur hæðum og var byggt árið 1956. Gengið er inn á fyrstu hæð í afgreiðslu með afgreiðsluborðum. Á fyrstu hæð eru einnig tvær skrifstofur, baðherbergi og peningaskápur. Á efri hæð eru sjö skrifstofur af ýmsum stærðum ásamt baðherbergi. Húsnæðið hentar vel undir skrifstofur, verslun eða aðra þjónustu.




Atlantic Studios

Atlantic Studios er 4.730 m² kvikmyndaver í flugskýli sem þjónaði áður Bandaríkjaher. Kvikmyndaverið er hið stærsta á Íslandi, með 2.700 m² aðalsviði (e. soundstage) þar sem lofthæð er 9 metrar. Einnig er þjónustuaðstaða með búningsherbergjum, skrifstofum og kaffistofu. Kvikmyndin Reykjavík Whale Watching Massacre var meðal annars tekin upp í verinu.



Ásbrú er spennandi svæði þar sem fyrrum herstöð er umbreytt í samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs. Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.



Þetta er einungis sýnishorn af þeim eignum sem eru til sölu eða leigu á svæðinu. Nánari upplýsingar um eignir á www.asbru.is/fasteignir.



Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Voru ekki rekin

Borist hafa fallegar kveðjur til þeirra **Felix Bergssonar** og **Margrétar Blöndal** eftir að þau upplýstu í þætti sínum Bergsson og Blöndal í Útvarpinu um helgina að hann myndi hætta göngu sinni um áramót. Um leið og Felix þakkaði góðar kveðjur á Facebook áréttaði hann að þau hefðu ekki verið rekin og ekki orðið þreytt á samstarfi hvort við annað. Sagði hann þau „hætta á toppnum“ en bæði væru þó orðin þreytt á því að vera bundin yfir þættinum allar helgar. „Við Magga ætlum ekki að hætta að vinna saman og Gestir út um allt verða til dæmis í Hofi að minnsta kosti fram á vorið,“ skrifar Felix á síðu sína.



Mættu hóflega seint

Iceland Airwaves-hátíðinni lauk í gær með hátíðartónleikum Sigur Rósar í Laugardalshöll. Enginn sem er maður með mönnum lét sig vanta á tónleikana og slíkur viðburður er að sjálfsögðu ekki fullkomnaður nema **Ólafur Ragnar Grímsson** og **Dorrit Moussaieff** láti sjá sig. Fólk var farið að undrast um þau í gærkvöldi þegar þau komu loksins á svæðið, með þeim allra síðustu í húsið. Í Höllinni mátti einnig sjá tónlistarmenn á borð við Hilmar Örn Hilmarsson, Samúel Jón Samúelsson, kenndan við



Jagúar, og Unnstein Manúel Stefánsson sem sló ítrekað í gegn um Airwaves-helgina með sveitinni Retro Stefson.
- óká, sh

Mest lesið **vísir**

- Allt á kafi í snjó fyrir norðan
- Grafa fólk út úr heimilum sínum
- Pústrar, ölvun og fjársvik
- Fóstra ákærð fyrir morð tveimur börnum
- Alvarlega slasaður eftir bílveltu

MAGNÞRUNGIN ÖRLAGASAGA

1904

NÝ
KILJA

www.forlagid.is

sumarferdir.is

SÓLARHRINGUR
SUMARFERÐASÓLARHRINGSTILBOÐ TIL TENERIFE
ALLAR BROTTFARIR FRÁ JÓLUM FRAM AÐ PÁSKUM!

HEFST Á MÁNUDAG 5. NÓVEMBER KL. 12:00

SKOÐAÐU FLEIRI
FRÁBÆR VERÐDÆMI
TIL TENERIFE Á
SUMARFERDIR.IS

TENERIFE

VERÐDÆMI Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

7 NÆTUR ☆☆☆ HÓTEL

frá 99.900 kr.*

Hótel Park de las Americas m.v. 2 fullorðna í íbúðargistingu með 1 svefnherbergi. Brottför: 9.-16. feb

14 NÆTUR ☆☆☆ HÓTEL

frá 129.900 kr.*

Hótel Park de las Americas m.v. 2 fullorðna í íbúðargistingu með 1 svefnherbergi. Brottför: 19. jan.

7 NÆTUR ☆☆☆ HÓTEL

með hálfu fæði

frá 119.900 kr.*

Hótel Hesperia Troya m.v. 2 fullorðna í tvíþýli með hálfu fæði. Brottför: 9.-16. feb.

SUMAR  FERÐIR

... eru betri en aðrar